

# Forstjórалаun hækka um allt að 46 prósent

Laun forstjóra félaga í Kauphöllinni hækkuðu umfram launavísitölu á síðasta ári. Meðaltalshækkun um 13,3 prósent. Framkvæmdastjóri SA segir stjórnendalaun hafa hækkað minna en laun annarra.

**VIÐSKIPTI** Laun forstjóra félaga í Kauphöll Íslands hækkuðu umfram launavísitölu á síðasta ári. Greiðslur launa og hlunninda til forstjóra félaganna hækkuðu að meðaltali um 13,3% prósent milli ára en meðalárshækkun launavísitölu Hagstofu Íslands var 7,2 prósent árið 2015. Mest hækkuðu laun Finns Oddssonar, forstjóra Nýherja, eða um 46 prósent milli ára, og námu 3,1 milljón króna á mánuði. Þá hækkuðu heildarlaunagreiðslur til Árna Odds Þórðarsonar, forstjóra Marel, um 34,3 prósent milli ára og námu 6,6 milljónum króna á mánuði. Þá hækkuðu heildarlaunagreiðslur til Björgólfs Jóhannssonar, forstjóra Icelandair Group og formanns Samtaka atvinnulífsins, um 17 prósent milli ára og námu 4,5 milljónum króna á mánuði.

Samkvæmt tillögum stjórna fyrir aðalfundi Kauphallarfélaganna er lagt til að launahækkunir nemi að meðaltali 8,6 prósentum milli ára. Mest er lagt til að laun stjórnarmanna í Fjarfskiptum, móðurfélagi Vodafone, hækki eða um 18,6 prósent. Heiðar Guðjónsson, fjárfestir og stjórnarformaður Fjarfskipta, segir stjórnarlaun Fjarfskipta verða áfram fremur lág miðað við önnur félög á markaðnum. „Ef þeir ætluðu að fá ráðgjafa úti í bæ, lögfræðinga eða aðra sérfræðinga til að sinna þessu, þá er ljóst að þessi stjórnarlaun sem eru í dag myndu ekki duga fyrir þessum reikningi,“ segir Heiðar.

Þá sé vinna við undirbúning hvers stjórnarfundar milli tíu og tuttugu klukkustundir. Er lagt til að laun stjórnarmanna í bæði Nýherja og Reitum hækki um 15,4 prósent. Til samanburðar þá var almenn launahækkun í Salek-samkomulaginu 6,2 prósent frá áramótum.

Við höfum sagt að auðvitað eigi stjórnendur að leiða með fordæmi og það er alveg ljóst að þegar horft er á launaþróun undangenginna ára, þá hafa þeir gert það.




Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir mikilvægt að stjórnendur sýni gott fordæmi þegar kemur að launahækkunum. „Við höfum sagt að auðvitað eigi stjórnendur að leiða með fordæmi og það er alveg ljóst að þegar horft er á launaþróun undangenginna ára, þá hafa þeir gert það. Þeir hafa hækkað hlutfallslega minna en aðrir launahópar í samfélaginu,“ segir Þorsteinn. Almennt sé talið svigrúm til 3-4 prósent launahækkunar á ári og nýlega samþykktir kjarasamningar feli í sér launahækkunir sem séu umtalsvert umfram það.

Meðallaun forstjóra í Kauphöllinni voru 4,9 milljónir á mánuði á síðasta ári og meðallaun stjórnarmanna verða 676 þúsund krónur á mánuði verði tillögur samþykktar á aðalfundum sem fram undan eru. Hæst laun fær forstjóri Össurar, eða 19,2 milljónir króna á mánuði.

– ih, /sjá síðu 4



Útskipun áls hófst við höfnina í Straumsvík í gær og gengu tólf stjórnendur og stjórnarmenn í störf. Á meðal þeirra voru Katrín Pétursdóttir, Birna Pála Kristinsdóttir og Rannveig Rist, forstjóri ISAL. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Die Antwoord og M.O.P. á Secret Solstice

**DÆGURMÁL** Alls hefur 31 nýtt nafn bæst við þá tónlistarflöru sem mun taka yfir Laugardalinn 16.-19. júní næstkomandi á tónlistarhátíðinni Secret Solstice. Á meðal þeirra sem bæst hafa í hópinn eru suður-afríska rapptveykjöld Die Antwoord, bandaríski rappduóettinn M.O.P, franskir tónlistarmadurinn St Germain og bandaríska rapptríóið Flatbush Zombies, svo nokkur nöfn séu nefnd. Þá kemur íslenska rappsveitin XXX Rottweiler hundar saman á hátíðinni.

– glp / sjá síðu 54



Die Antwoord er þekkt fyrir lítrika sviðsframkomu.

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Valgerður Bjarnadóttir alþingismaður skrifar um búvörusamningana. 24-32

**SPORT** Gunnar Nelson mætir aftur í búið í maímánuði. 34

**MENNING** Páll Baldvin Baldvinsson hlaut í gær viðurkenningu Hagbenkis fyrir rit sitt Stríðsárin 1938-1945. 40-46

**LÍFID** Ófærð 2 gerist ekki í Kötflugosi. 50-54

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**  
● FÓLK  
● ÍSLENSKUR  
● IÐNAÐUR

\*Samkvæmt prentmiðlökönun Gallup apríl-júní 2015



## KRONAN



Tommies tómatafboð gildir til 6. mars

OPIÐ TIL 23



SKOÐAÐU TILBOÐIN  
Á BLS. 14-17


SMÁRALIND

OPIÐ TIL  
21  
Í KVÖLD

ALLT FYRIR  
FERMINGUNA

Kringlan

## Veður



Austlæg átt, 8-13 m/s og dálítill el framan af degi, en lægir síðan og rofar til. Frost 0 til 10 stig, kaldast inn til landsins. **SJÁ SIÐU 38**

## Vilja bingó á helgidögum

**STJÓRN MÁL** Píratar og Guðmundur Steingrímsson í Bjartri framtíð hafa lagt fram frumvarp þess efnis að lög um helgidagafrið verði afnumin.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að flutningsmenn þess sjái ekki ástæðu til að takmarka afþreyingu fólks á helgidögum þjóðkirkjunnar þannig að það varði sektum að standa að bingói, happdrætti, dansleikjum eða öðrum samkomum á þessum dögum.

Slíkar takmarkanir stríði gegn frjálsu samfélagi. – **kbj**



Skrifað undir samningana. MYND/HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Veruleg fjölgun stúdentabúða

**SKIPULAGSMÁL** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, og Eiríkur Hilmarsson, framkvæmdastjóri Vísindagarða Háskóla Íslands, rituðu í gær undir samkomulag um nýjar stúdentabúðir og stækkun Vísindagarða Háskóla Íslands.

Samkomulagið felur í sér byggingarrétt fyrir um 240 til 300 stúdentabúðir. Flestar íbúðanna, sem samkomulagið tekur til, verða á reit Vísindagarða Háskóla Íslands á horni Sæmundargötu og Eggertsgötu í nágrenni við aðra stúdentagarða. Hluti þeirra verður þó við Gamla garð sem er elsti stúdentagarður Háskólans, en hann var opnaður fyrir rúmum 80 árum.

Eftirspurn stúdenta eftir íbúðum hefur verið gríðarlega mikil og eftirspurnin er mest á háskólasvæðinu. Félagstofnun stúdenta á nú um 1.100 stúdentabúðir og því felur samkomulagið í sér verulega fjölgun íbúða. – **þv**

## Eiga von á þúsundum manna í Höllina



Sýningin Verk og vit hefst í dag og stendur til 6. mars. Um 18.000 gestir sóttu sýninguna í Laugardalshöll þegar hún var síðast haldin árið 2008 þar sem um 100 fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög kynntu vörur sínar og þjónustu. Á vef sýningarinnar segir að sem dæmi um sýnendur megi nefna byggingarverktaka, verkfræðistofur, tækjaleigur, skóla, fjármálafyrirtæki, ráðgjafarfyrirtæki, starfsmannþjónustur, heildsölur og sveitarfélög. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

## Sala fólksbíla jókst um 49%

**EFNAHAGSMÁL** Sala á fólksbílum til einstaklinga jókst um 48,8 prósent fyrstu tvo mánuði ársins samanborðið við sama tímabil í fyrra, að því er lesa má út úr nýjum tölum Bílgreinasambandsins.

Nýskráning bíla er í heildina umtalsvert meiri, vegna áhrifa af sölu til bilaleiga, eða 72,9 prósent. Nýskráðir fólksbílur á tímabilinu eru sagðir hafa verið 2.267 á móti 1.312 á síðasta ári, eða aukning um 957 bíla.

„Þar af eru nýskráðir bilaleigubílar 892 stykki eða 85 prósent af nýskráningum. Á sama tíma 2015 voru nýskráðir bilaleigubílar 388,“ segir í tilkynningu Bílgreinasambandsins.

Sambandið segir að þótt sala til einstaklinga og fyrirtækja hafi tekið við sér á síðasta ári og áframhald sé á þeirri þróun, þá sé aðaldrifkraftur í sölu nýrra bíla fjölgun ferðamanna. – **óka**

# Svava í Sautján kaupir GK Reykjavík

NTC hefur fest kaup á GK Reykjavík. Verslunin mun verða rekin með svipuðu sniði og mun starfsfólk hennar halda áfram. Aukin umsvif ferðamanna höfðu áhrif á ákvörðun um kaupin. Frekari umsvif NTC í miðborginni koma til greina.

**VIÐSKIPTI** NTC festi um mánaðamótin kaup á félaginu GK Reykjavík. Þetta staðfestir Svava Johansen, eigandi NTC.

„Við höfum verið að leita í svölitið langan tíma að verslunarplássi niðri í bæ. Það kom upp þessi staða, að verslunin var til sölu og við ákváðum að styrkja aftur stöðu okkar í miðbænum. Við erum mjög sátt með þessi kaup, þetta er mjög flott verslun og hún mun verða rekin áfram með svipuðu sniði,“ segir Svava.

Hún segir að starfsfólk GK haldi áfram. „Það kemur mikið af góðu fólki frá NTC ásamt fólkinu sem var og við reynum að tvinna þetta saman og fylla upp í einhver göt sem þarf að fylla upp í. En við kunnum vel við rótina sem þessi búð stendur á í dag. Við ætlum að styrkja hana enn betur á þessum grunni sem hún er og halda sama stíl og hefur verið,“ segir Svava.

Húsnæðið við Skólavörðustíg 6 er með veitingaleyfi en ekki vínveitingaleyfi. Svava segir ekki áform um að nýta veitingaleyfið á þessari stundu, en það geti breyst í framtíðinni.

Svava segir að aukin verslun ferðamanna í miðbænum hafi spilað inn í ákvörðunina. „Við erum með Evu og eigum hlut í Fló og Fransí og við finnum að það er aukin sala til ferðamanna, þannig að þetta er þar af leiðandi nýr hópur,“ segir Svava.

NTC er risi á fatamarkaðnum. Um tíunda hver króna sem Íslendingar verja í fatakaup hér á landi rennur til fyrirtækisins. Félagið hefur stundað fataverslun frá árinu 1976 og er með um 150 starfsmenn.



NTC rekur fimmtán verslanir, meðal annars Evu og Fló og Fransí í miðbænum. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON**

Það kemur mikið af góðu fólki frá NTC ásamt fólkinu sem var og við reynum að tvinna þetta saman og fylla upp í einhver göt sem þarf að fylla upp í.

Svava Johansen, eigandi NTC

Verslunum NTC fækkaði eftir hrun úr tuttugu niður í fimmtán, en fyrirtækið er nú í sóknarhug á ný. Velta þess nam 1,8 milljörðum árið 2014 þar sem það seldi riflega þrjú hundruð þúsund flikur, um eina flik á hvern Íslending. Ásamt GK Reykjavík rekur félagið fimmtán verslanir í um 5.000 fermetra verslunarrými auk saumastofu, heildsölu og netverslunar.

„Þetta er bara spennandi, það er aldrei að vita nema við gerum eitthvað annað niðri í bæ,“ segir Svava Johansen, eigandi NTC.

saeunn@frettabladid.is

5. maí í 4 nætur

Frá kr.  
**74.900**  
m/morgunmat

M/BÓK.AFSL. TIL 15. MARS

**PRAG**

Hotel  
ILF

Netverð á mann frá kr. 74.900 m.v. 2 í herbergi.

**Heimsferðir**



**15%**  
AFNÁM  
TOLLA

---

VIÐ FÖGNUM  
**AFNÁMI TOLLA**

---

**KRINGLAN GÆTIR ÞINNA HAGSMUNA AF ÖLLU HJARTA!**

Afnám tolla á fatnaði og skóm er okkur mikið fagnaðarefni því það þýðir ekki aðeins að íslenskar verslanir verði mun samkeppnishæfari, heldur mun tollabreytingin draga úr útgjöldum heimilisins um allt að 30 þúsund krónur á ári.

Við hyggjumst standa vaktina og vera vel á verði svo þessar hagsbætur nái fram að ganga, íslenskum neytendum og verslun til heilla.



Nánari upplýsingar um afnám tolla og þær vörur sem lækka í verði á [kringlan.is](http://kringlan.is)

**Kringlan**

# Forstjóraalaun hækkað vel umfram launavísitölu

Meðallaun forstjóra í Kauphöll Íslands voru 4,9 milljónir á síðasta ári og hækkuðu umfram launavísitölu. Forstjóri Össurar fékk 19,2 milljónir á mánuði á síðasta ári. Stjórnarformaður Fjarfskipta segir stjórnaralaun lægri en sérfræðiráðgjöf myndi kosta.

Ingvar Haraldsson  
ingvar@frettabladid.is



**VÍÐSKIPTI** Meðallaun forstjóra í Kauphöllinni voru 4,9 milljónir á mánuði á síðasta ári og hækkuðu um 13,3 prósent milli ára. Meðalárs hækkan launavísitölu Hagstofu Íslands var nær helmingi lægri, eða 7,2 prósent árið 2015.

Samkvæmt tillögum stjórnar fyrir aðalfundi Kauphallarfélaganna er lagt til að launahækkanir nemi að meðaltali 8,6 prósentum milli ára. Mest er lagt til að laun stjórnarmanna í Fjarfskiptum, móðurfélagi Vodafone, hækki eða um 18,6 prósent. Almenn launahækkanir samkvæmt Salek-samkomulaginu er 6,2 prósent frá áramótum.

## Mikil vinna í hvern stjórnarfund

Heiðar segir að mikil vinna fari í hvern stjórnarfund, sem sé að jafnaði einn á mánuði. „Undirbúningur fyrir stjórnarfund er á bilinu tíu til tuttugu tímar eftir því hvenær ársins þetta er og hvers konar fundur þetta er,“ segir Heiðar. Við þetta bætist svo tíminn sem fari í fundinn sjálfan.

„Ef fólk skoðar hvað er á bak við þessa vinnu, hvers konar sérfræðikunnátta það er. Ef þeir ætluðu að fá ráðgjafa úti í bæ, lögfræðinga eða aðra sérfræðinga, til að sinna þessu, þá er ljóst að þessi stjórnaralaun sem eru í dag myndu ekki duga fyrir þessum reikningi,“ segir hann.

Heiðar segir að stjórnaralaun Fjarfskipta verði áfram fremur lág miðað við önnur félög á markaðnum og mun lægri en hjá Símanum, sam- anburðarfélaginu í Kauphöllinni. Verði hækkanirnar samþykktar verða mánaðarlaun stjórnarformanns Fjarfskipta 500 þúsund krónur á mánuði og stjórnarmanna 250 þúsund krónur á mánuði en sam-

**Ef fólk skoðar hvað er á bak við þessa vinnu, hvers konar sérfræðikunnátta það er. Ef þeir ætluðu að fá ráðgjafa úti í bæ, lögfræðinga eða aðra sérfræðinga, til að sinna þessu, þá er ljóst að þessi stjórnaralaun sem eru í dag myndu ekki duga fyrir þessum reikningi.**

Heiðar Guðjónsson, fjárfestir og stjórnarformaður Fjarfskipta



bærilegar greiðslur hjá Símanum eru 650 og 325 þúsund krónur á mánuði.

Meðallaun stjórnarmanna verða 676 þúsund krónur á mánuði verði tillögur samþykktar á aðalfundum sem fram undan eru. Hæst laun fær stjórnarformaður Marel eða 1.169 þúsund krónur á mánuði en ekki er lagt til að þau hækki milli ára.

## Formaður SA hækkar um 17%

Hæst laun fær forstjóri Össurar, eða 19,2 milljónir króna á mánuði. Þar á eftir kemur Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel, með 6,6 milljónir í laun á mánuði. Forstjorar fasteignafélaganna Þriggja Regins, Reita og Eikar reka lestina með 2,6-3,0 milljónir á mánuði. Heildarlaunagreiðslur til Björgólfs Jóhannssonar, forstjóra Icelandair Group og formanns Samtaka atvinnulífsins, hækkuðu um 17 prósent milli ára og námu 4,5 milljónum króna á mánuði.



## Laun forstjóra og stjórnarmanna í Kauphöll Íslands

Forstjóri	Mánaðarlaun*	Hækkun í % milli ára	Laun stjórnarformanns**	Laun stjórnarmanna**	Hækkun í % milli ára
<b>Össur</b>	Jón Sigurðsson 19,2	1,7%	963	386	4,1%
<b>Marel</b>	Árni Oddur Þórðarson 6,6	34,3%	1.169	390	0,0%
<b>Eimskip</b>	Gylfi Sigfússon 6,1***	10,4%	575	290	4,5%
<b>Icelandair</b>	Björgólfur Jóhannsson 4,5	17,0%	600	300	9,1%
<b>Fjarfskipti</b>	Stefán Sigurðsson 4,2	Hóf störf í maí 2014	500	250	18,6%
<b>N1</b>	Eggert Þór Kristófersson 3,7	Hóf störf í febrúar 2015	630	315	8,6%
<b>TM</b>	Sigurður Viðarsson 3,6	0,0%	770	385	10,0%
<b>HB Grandi</b>	Vilhjálmur Vilhjálmsson 3,5	18,5%	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir
<b>Sjóvá</b>	Hermann Björnsson 3,4	3,4%	600	300	9,1%
<b>Síminn</b>	Orri Hauksson 3,4	2,1%	650	325	8,3%
<b>VÍS</b>	Sigrún Ragna Ólafsdóttir 3,3	8,3%	600	350	0,0%
<b>Nýherji</b>	Finnur Oddsson 3,1	46,0%	450	150	15,4%
<b>Reitir</b>	Guðjón Auðunsson 3,0	13,7%	600	300	15,4%
<b>Eik</b>	Garðar Hannes Friðjónsson 2,8	17,9%	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir
<b>Reginn</b>	Helgi S. Gunnarsson 2,6	0,0%	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir

\*Meðalgreiðslur og hlunnindi á mánuði í milljónum króna árið 2015. \*\*Laun stjórnarmanna og stjórnarmanna í þúsundum króna verði tillögur um launakjör þeirra samþykktar á aðalfundum. \*\*\*Upphæð inniheldur lífeyrissjóðsgreiðslur

## Á geðgjörgæslu eftir niðurstöðuna

**MANNRÉTTINDI** Visar, elsti sonur hjónanna Skænder og Nazmie Dega, var lagður inn á geðgjörgæsludeild um síðustu helgi vegna sjálfsmorðshugsana.

Nýverið var Dega-fjölskyldunni kynnt niðurstaða kærnefndar útlendingamála um að henni verði vísað úr landi á meðan mál hennar er fyrir dómstólum. Að öllu óbreyttu þann 16. mars næstkomandi.

Visar glímur við alvarleg geðræn veikindi og hefur sótt meðferð við þeim á Laugarási með góðum árangri hingað til.

Í læknisvottorði umönnunaraðila er mælt með því að hann sé ekki fluttur á milli meðferðaradila og hvað þá úr landi á meðan á meðferð hans stendur vegna álags sem því fylgir. Í sama vottorði er mælt með tveggja ára samfelldri meðferð til að ná tókum á sjúkdómi hans. Sams konar meðferð er ekki að fá í Albaníu.

„Starfsmenn á Laugarási hafa stutt dyggilega við bakið á honum og mættu



Dega-fjölskyldan fer til Albaníu þann 16. mars að öllu óbreyttu. Visar liggur á geðgjörgæsludeild 32A á Landspítala vegna sjálfsmorðshugsana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

til að mynda þó nokkrir þeirra á lög- reglustöðina á Hverfisgötu þegar fjölskyldunni var kynntur úrskurðurinn því þeir vissu hvaða áhrif neikvæður úrskurður myndi hafa á hann,“ segir Björg Valgeirsdóttir, lögfræðingur fjölskyldunnar, sem ætlar sér að óska eftir endurskoðun ákvörðunar um að

vísa þeim úr landi á meðan mál þeirra er fyrir dómi í ljósi breyttra aðstæðna. Dega-fjölskyldan leitaði hælís hér á landi í lok júlí í fyrra. Þau hjónin eiga þrjú börn, Visar, Vikar og Joniöndu, og hafa undanfarna mánuði búið í Hafnarfirði þar sem yngri systkinin ganga í skóla. – kbg

PreCold®

## Það er til lausn við kvefi

Með því að nota PreCold® getur þú:

- Dregið úr einkennum kvefs
- Stytt tíma kvefeinkenna um allt að helming
- Fækkað kvefveirum í koki um 99%
- Komið í veg fyrir að þú fái kvef ef þú notar PreCold® fyrirbyggjandi

Gott ráð gegn kvefi  
Fæst í apótekum  
[www.precold.is](http://www.precold.is)

ZYMETECH

Dreifingaraðili:  
Vistor hf. Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000



**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

# SPRENGI VIKKA

Verkfæri og málning - gildir til 6. mars

**20%  
afsláttur**

rafmagnsverkfæri, handverkfæri,  
loftverkfæri, verkfæratöskur,  
garðverkfæri, stigar og tröppur



Nilfisk

STANLEY

DEWALT

JUNBO

BLACK & DECKER

HITACHI  
POWER TOOLS



Ný og glæsileg **DEWALT** deild hefur  
opnað í Skútuvogi og Grafarholti

**20%  
afsláttur**

af

**DEWALT**

verkfærum



**25%  
afsláttur**

af ALLRI málningu

**Blöndum  
alla liti**



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um  
prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið  
misjafnt milli verslana. Gildir ekki af "Lægsta lága  
verði Húsasmiðjunnar," eða öðrum tilboðum.



Byggjum á betra verði

www.husa.is

## Eyjamenn halda áfram í SASS

**SVEITARSTJÓRNIR** „Bæjarráð telur þessar breytingar skref í rétta átt og telur það mæta óskum sínum um eflingu atvinnuþróunar og nýsköpun og því feli fyrirbyggjandi hagkvæmniathugun ekki sér þörf fyrir úrsögn að svo stöddu,“ segir bæjarráð Vestmannaeyja um hugsanlega úrsögn úr Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, SASS.

Bæjarstjóranum var fyrir ári falið að kanna hagkvæmni þess fyrir Vestmannaeyjar að halda áfram aðild að SASS miðað við að efla atvinnuþróun og nýsköpun heima fyrir. Á síðustu vikum hafi umtalsverð breyting átt sér stað á starfsemi SASS sem miði einmitt að því. „Til marks um það hefur SASS nú gert þjónustusamning við Þekkingarsetur Vestmannaeyja sem gerir ráð fyrir að atvinnu- og nýsköpunarfulltrúi verði ráðinn við stofnunina með aðsetur og starfsemi í Vestmannaeyjum,“ segir bæjarráðið.

–gar

## Þriðji Dunkin' staðurinn opnaður

**VIÐSKIPTI** Þriðji Dunkin' Donuts staðurinn á Íslandi verður opnaður klukkan níu í dag í Hagasmára í Kópavogi.

Staðurinn er inni í 10-11 versluninni á Shellstöðinni við Smáralind. Hann tekur um 25 manns í sæti og eins geta viðskiptavinir keypt veitingar í bilalúgu, en staðurinn er sá fyrsti í Evrópu sem veitir slíka þjónustu. Fyrstu 20 viðskiptavinirnir sem mæta í röðina í fyrramálið fá ársbirgðir af kleinuhringjum og geta því komið við á næsta stað einu sinni í viku í 52 vikur og fengið 6 kleinuhringi í kassa.

Á næstu 4 fjórum árum stendur til að opna 13 staði til viðbótar og verða þeir bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Í fréttatilkynningu frá Dunkin' Donuts segist Árni Pétur Jónsson eigandi ekki vera á því að staðirnir verði of margir. –jhh

## Hlaut viðurkenningu Hagþenkis



„Nú stend ég hér eins og hver önnur fegurðardrottning og kvaka klisjuna: Ég átti ekki von á þessu,“ sagði Páll Baldvin Baldvinsson rithöfundur, þegar hann tók við verðlaunum Hagþenkis. Viðurkenninguna fær hann fyrir ritverkio Stríðsárin 1938-1945. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ný Engey sjósett

**SJÁVARÚTVEGUR** Nýr ísfisktogari, Engey RE, sem verið er að smíða hjá skipasmíðastöðunni Celiktrans í Tyrklandi fyrir HB Granda, var sjósettur á þriðjudagsmorgun.

Engey er fyrst í röð þriggja ísfisktogara sem HB Grandi hefur samið um smíði á í Tyrklandi. Verður skipið afhent síðar á þessu ári.

Akurey AK verður afhent næsta vor en þriðji og síðasti togarinn, Viðey RE, verður afhentur á haustmánuðum 2017. –shá

# Þingmenn allra flokka leggja til Laxnesssetur

Þingmenn úr öllum flokkum standa að ályktun um Laxnesssetur með tengingu við Gljúfrastein. Ferðamálanefnd Mosfellsbæjar segist styðja að menningarhúsi verði reist. Miklar möguleikar til uppbyggingar séu við heimili nóbelskaldsins.

**MENNINGARMÁL** Þróunar- og ferðamálanefnd Mosfellsbæjar segir bæinn styðja heilshugar við hugmyndir um uppbyggingu menningarhúss að Gljúfrasteini. Kemur þetta fram í umsögn vegna tillögu á Alþingi um uppbyggingu Laxnessseturs.

Ferðamálanefndin segir mikla möguleika í uppbyggingu á Gljúfrasteini, sem var sem kunnugt er heimili Nóbelskaldsins Halldórs Laxness og fjölskyldu hans en er nú safn í eigu ríkisins.

„Evistarf Halldórs Laxness er dýrmætur þjóðararfur og ber að standa vörð um hann,“ segir nefndin sem kveður Mosfellsbæ minnst skáldsins með margvíslegum hætti á hverju ári.

Að þingsályktunartillögu um Laxnesssetur standa þingmenn úr öllum flokkum. Fela á mennta- og menningarmálaráðherra í samvinnu við bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ og stjórn Gljúfrasteins að hefja uppbyggingu setursins. „Þar verði miðstöð allrar þekkingar um Halldór Laxness. Laxnesssetur verði jafnframt bókmenntasetur þar sem aðstaða verði til rannsókna og fræðistarfa,“ segir í tillögunni.

Fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni að þegar sé búið að tryggja land til að byggja Laxnesssetur með tengingu við heimili skáldsins að Gljúfrasteini.

„Ljóst er að Gljúfrasteinn stendur framarlega í flokki dýrmættra staða í íslenskrum menningarsögu. Sú uppbygging sem þegar hefur átt sér stað er um margt til mikillar fyrirmyndar og hefur starfsemin svo sannarlega þegar sannað gildi sitt,“ segir í greinargerðinni þar sem minnt er á að Gljúfrasteinn hafi verið friðaður árið 2010 og sé nú viðurkennt safn. Pláss-



Gljúfrasteini, sem áður var heimili fjölskyldu Halldórs Laxness, er ætlað lykilhlutverk í nýju Laxnesssetri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

leysi hái hins vegar starfseminni.

„Húsið sjálf er því í rauninni safngripur og einstakt að innbúið allt sé varðveitt óbreytt frá því að Halldór Laxness og fjölskylda hans bjuggu þar. Safnkosturinn samanstendur af innbúinu öllu, listaverkum, bókasafni, ljósmyndum og skjólum. Möguleikar til rannsókna og miðunar eru óþrjótandi en mikilvægt er að hægt sé að tryggja örugga varðveislu safnkostsins til framtíðar bæði í húsinu sjálfu og í geymslu,“ segir áfram í greinargerðinni.

Þróunar- og ferðamálanefndin segir

Mosfellsdalinn hafa sérstöðu í sögulegu og menningarlegu tilliti. Bærinn hvetji til þess að sú sérstaða verði gerð aðgengileg og sýnileg bæði heimamönnum og gestum. „Alhliða menningarsetur þar sem verður lögð áhersla á bókmenntir og rannsóknir ásamt umgjörð um ævi og starf Nóbelskaldsins stuðlar að því og væri bæði jákvæð og æskileg nálgun,“ segir ferðamálanefnd Mosfellsbæjar. gar@frettabladid.is

**Möguleikar til rannsókna og miðunar eru óþrjótandi.**

Úr greinargerð þingsályktunartillögu um Laxnesssetur

**DEILDARÞINGU  
BRÆÐUR 4.-5. MARS**

**Já nú er gaman...**

**Þrumustuð föstudags- og laugardagskvöld frá kl. 23:00 - 03:00**

Kringlukráin  
Kringlunni 4-12  
103 Reykjavík

Sími 568 0878  
kringlukrain@kringlukrain.is  
www.kringlukrain.is

**KRINGLU  
KRAIN**

# Danskir dagar

Purusteik úr hrygg

**1.234** kr/kg  
verð áður 1.899



Hakkabuff 998 kr/pk

Nautafle 3.749 kr/kg  
verð áður 4.999

Grísahnakkasneiðar 1.349 kr/kg  
verð áður 1.799

Grísalundur 1.609 kr/kg  
verð áður 2.299



**Kims All In**

Epic Beef, Much Chili, Pizza og Cheezburger.

Nýtt í Hagkaup **Danmark** direkte fra



**Haribo Zourr**

Nýtt og spennandi frá Haribo.

Ekta dönsk lifrakæfa **Danmark** direkte fra



**Tulip kæfur**

2 tegundir.

direkte fra **Danmark**



**Hot dog pylsur, pylsubrauð og dressing**  
Allt sem þú þarft í danska Pølse.

Nýtt í Hagkaup **Danmark** direkte fra



**Jolly Cola**

Ekta danskur kóladrykkur.

Nýtt í Hagkaup **Danmark** direkte fra



**Black danskur sækeralakkrís**

Margar saltar og sætar tegundir.  
Súkkulaði, Chili, Lime og jarðaberja.

direkte fra **Danmark**



**Pinguin**

Lakridskonfekt, Finsk Lakrids,  
Engelsk Vingummi og Oplukkere.

Nýtt í Hagkaup **Danmark** direkte fra



**Sun Lolly**

Blackcurrant og Brain Bites.

Gildir til 13. mars á meðan birgðir endast.

**24** Hagkaup  
**OPIÐ**  
allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan,  
Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



Faxaflóahafnir hafa fagnað verkefninu vegna þess hversu vel það fellur að áherslum uppbyggingar á Grundartanga. MYND/FAXAFLÓAHAFNIR

# Gengur illa að tryggja sér raforku

Talsmaður Silicor Materials segir bakslag hafa orðið í viðræðum við Landsvirkjun um kaup á þeirri litlu orku sem sólar kísilverksmiðja fyrirtækisins þarf til að hefja starfsemi. Áhugi á verkefninu hjá nágrannaþjóðum. Þar sé mikill áhugi á umhverfisvænum tækniiðnaði.

**ORKUMÁL** Silicor Materials staðfestir að viðræður við Landsvirkjun um kaup á þeim 20 til 25 megavöttum (MW) sem fyrirtækið vantar til að hefja rekstur fyrirhugaðrar sólar kísilverksmiðju á Grundartanga ganga illa og staðfestir jafnframt áhuga á verkefninu frá nágrannaþjóðum.

Ræða Jóns Gunnarssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins og formanns atvinnuveganefndar, á Alþingi á mánudag vakti athygli. Þar gerði Jón vinnu við ramma-áætlun að umtalsefni og meinbugi sem hann sér við hana. En í ræðu sinni vék hann að verkefni Silicor á Grundartanga.

„Við höfum mörg rætt mjög spennandi kost í orkutengdri starfsemi sem er verksmiðja Silicor á Grundartanga, mengunarlaus verksmiðja sem notar um 80 megavött, skapar um 450 störf, útflutningsverðmæti eru um 100 milljarðar á ári. Nú berast sögur af því að forsvarsmenn þessa verkefnis séu að fara til Noregs og Danmerkur til þess að ræða um staðsetningu verksmiðjunnar þar vegna þess að raforkusamningur er ekki að hafa á Íslandi,“ sagði Jón.

David Stefánsson, talsmaður Silicor Materials á Íslandi, segir að ásetningur fyrirtækisins sé óbreyttur um að byggja upp á Íslandi, fjármögnun verksmiðjunnar sé langt kominn og undirbúningur gangi vel.

„Viðræður eru í gangi við Landsvirkjun um þá litlu orku sem upp á vantar til þess að verkefnið verði

## Grænasta stóriðja sem er fáanleg

- Verksmiðja Silicor Materials á Grundartanga þarf um 80 MW í fullum afköstum.
- Verksmiðjan þurfti ekki að gangast undir mat á umhverfisáhrifum, að mati Umhverfisstofnunar.
- Silicor undirritaði nýverið samning við danska verktaka-fyrirtækið MT Højgaard um byggingu verksmiðjunnar.
- Gengið var frá samningum við þýska fyrirtækið SMS Siemag

- fyrir réttu ári um kaup á vélbúnaði fyrir verksmiðjuna.
- Fjárfestingin hljóðar upp á 120 milljarða króna.
- ON hefur samið við Silicor um 40 MW.
- Viðræður við Landsvirkjun hafa staðið í vel á þriðja ár.
- Nýir viðskiptavinir Landsvirkjunnar sem hefja rekstur 2016 og 2017 eru kísilver United Silicon í Helgúvík [35 MW] og PCC á Bakka við Húsavík [58 MW].

að veruleika. Framan af gengu þær viðræður vel en viðræðurnar mættu ganga betur núna. Vonir okkar standa enn til þess að ljúka samningum við Landsvirkjun um það sem upp á vantar,“ segir David.

Um það hvort fyrirtækið sé að horfa í kringum sig í öðrum löndum, og þá hvar, segir David það rétt að fyrirtækið hafi orðið vart við áhuga frá nágrönnum okkar Norðmönnum og Dönum. Þar sé mikill áhugi á umhverfisvænum hátækniiðnaði.

„Sólarorka er mikilvægur þáttur í framtíðarorkubúskap heimsins og hún mun gegna mikilvægu hlutverki við að hægja á loftslagsbreytingum. Segja má að eftir Parísarfundinn um loftslagsmál hafi áhugi fjárfesta á verkefnum sem þessum aukist. Það breytir þó engu um að okkar ásetningur er að byggja upp

**Viðræður eru í gangi við Landsvirkjun um þá litlu orku sem upp á vantar til þess að verkefnið verði að veruleika. Framan af gengu þær viðræður vel en viðræðurnar mættu ganga betur núna.**

David Stefánsson, talsmaður Silicor Materials



## Seinkun Hvammsvirkjunar hjálpar ekki til

Landsvirkjun segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins að um nokkurt skeið hafi fyrirtækið bent á að það geti ekki annað allri þeirri eftirspurn sem er eftir rafmagni hérlandis. Nýleg ákvörðun Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats Hvammsvirkjunar muni þröngja enn frekar að möguleikum til raforkusölu á næstu árum, þar sem ákvörðunin frestar gangsetningu virkjunarinnar sem svarar til þess tíma sem umhverfismatið mun taka.

**Magnús Þór Gylfason**, yfirmaður samskiptasviðs Landsvirkjunnar, segir jafnframt að staðan í raforkuöflun Landsvirkjunar hafi lengi verið ljós. „Landsvirkjun stendur nú í virkjanafamkvæmdum á tveimur stöðum á landinu, við Peistareyki og undirbúningi við stækkun Búrfellsvirkjunar. Mikilvægt er að önnur orkufyrirtæki komi einnig að frekari orkuöflun

fyrir raforkumarkaðinn og hefji eigin virkjanafamkvæmdir.“

Fréttablaðið greindi frá því 23. febrúar að forstjóri Landsvirkjunar, Hörður Arnarson, sagði hreint út að fyrirtækið gæti ekki annað heildareftirspurn iðnaðar eftir raforku eins og sakir stæðu. Eftirspurnin væri meiri en hefði áður sést á Íslandi.

Spurningum Fréttablaðsins um hverju það sæti að ekki hefur samist við Silicor Materials, sérstaklega í ljósi þess hversu umhverfisvæn framleiðsla verksmiðjunnar er í samhengi við grænar áherslur Landsvirkjunar, og að fyrirtækið sé tilbúið að borga afar vel fyrir raforkuna, var ekki svarað efnislega.

„Landsvirkjun getur ekki tjáð sig um viðræður við einstaka aðila, en fyrirtækið á í viðræðum við nokkurn fjölda fyrirtækja í fjölbreyttum iðngreinum til viðbótar við Silicor og kísilmálmverni.“



á Grundartanga og við höfum fulla trú á að okkur takist að afla raforku fyrir starfsemina.“

David bendir á að Silicor hefur þegar tryggt sér 40 MW með samningi við Orku náttúrunnar (ON) frá því í fyrra. Sá samningur sýni að fyrirtækið er tilbúið að greiða

mjög hátt verð fyrir raforkuna, en hann vill ekki gefa upplýsingar um hvort reynt hafi verið að semja við HS Orku um orkukaup eða hvort leitað hafi verið hófanna við ON um orku til viðbótar við það sem þegar hefur samist um.

svavar@frettabladid.is

## ASÍ ætlar að stofna félag um rekstur þúsunda íbúða

**KJARAMÁL** Alþýðusambandið tilkynnir væntanlega á næstunni um stofnun húsnæðissamvinnufélags til að sjá um uppbyggingu og rekstur þúsunda íbúða fyrir launafólk.

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra er nú með nokkur húsnæðisfrumvörp fyrir Alþingi, meðal annars um félagslega leigukerfið. Verkalýðshreyfingin hefur vakið athygli á því misserum saman að mikil þörf sé á ódýru húsnæði fyrir launafólk og í

tengslum við gerð síðustu kjarasamninga skuldbatt ríkið sig til að byggðar verði 2.300 félagslegar íbúðir á næstu fjórum árum.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins, segir að þar á bæ hafi menn verið að skoða hverjir gætu tekið að sér rekstur húsnæðissamvinnufélags fyrir launafólk á landsvísi, jafnvel verkalýðshreyfingin sjálf.

„Ég vil ekki útiloka það. Menn hafa

bara verið að skoða með hvaða hætti hreyfingin geti stutt við bakið á því. Við viljum tryggja að minnsta kosti að það verði hægt að mæta þessum lögum og tryggja þá framboð af leiguhúsnæði fyrir tekjulægstu hópana,“ sagði Gylfi að loknum miðstjórnarfundum í dag þar sem þetta var rætt.

Forseti ASÍ minnir á að það hafi gerst áður í sögu verkalýðshreyfingarinnar að hún hafi frumkvæði að lausn húsnæðismála launafólks

**Við teljum þetta verkefni vera okkur skylt. Þetta eru okkar félagsmenn sem málið snýst um.**

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ



með uppbyggingu verkamannabústaða og Breiðholtsins á sínum tíma en ASÍ er hundrað ára um þessar mundir.

„Við teljum þetta verkefni vera okkur skylt. Þetta eru okkar félagsmenn sem málið snýst um. Við erum bara að leita hófanna með hvaða hætti við getum tryggt að þessi lög, þegar þau verða samþykkt, verði þá nýtt til að skapa framboð af ódýru húsnæði,“ segir forseti ASÍ. – hmp





# FÁÐU ÞÉR RÁÐLAGÐAN DAGSKAMMT AF C3

## CITROËN C3 SEDUCTION

VERÐ FRÁ

**2.390.000 KR.**

ÞÚ FÆRÐ GLÆSILEGAN KAUPAUKA AÐ VERÐMÆTI

**200.000 KR.**

- Nokian vetrardekk og sumardekk í skottið
- Nálægðarskynjarar að aftan
- Bakkmyndavél
- 7" snertiskjár
- Bluetooth
- USB og AUX tengi



Ef Citroën C3 væri vitamin væri ráðlagður dagskammtur einfaldlega að njóta hans sem mest. Þægindi á borð við 7" snertiskjá, sérstaklega mjúk fjöðrun, framúrskarandi hljóðeinangrun, bakkmyndavél og Bluetooth gera aksturinn afslappaðan og ánægjulegan.

Það sem meira er, C3 er búinn nýrri PureTech bensínvél sem nýverið hlaut eftirsóttá titilinn Vél ársins (International Engine of the Year). Margverðlaunaða PureTech bensínvélin sameinar frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun.

Citroën C3 er augnayndi hvar sem á hann er litið. Glæsilegur kaupauki fylgir með tímabundið. Tryggðu þér eintak.

**Komdu í reynsluakstur**

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

[citroen.is](http://citroen.is)

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á



Ko Hatekeyama, einn af eigendum fiskvinnslufyrirtækis Hatekeyama-fjölskyldunnar, kíkir í gegnum glugga á flóðvarnarmúr sem reistur hefur verið meðfram ströndinni í borginni Kesennuma í Miyagi-héraði, sem varð einna verst úti þegar náttúruhamfarirnar miklu urðu þar í mars árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Verkafolk í vinnslufyrirtæki Hatekeyama-fjölskyldunnar í Kesennuma hreinsar ostruskeljar, fimm árum eftir að starfsemi flestra sjávarútvegsvyrirtækja á þessum slóðum lagðist í rúst. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




Sjómenn í Kesennuma uppskera skelfisk á ræktunarsvæði Hatekeyama-fyrirtækisins í Moune-flóa. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Risin úr rústunum

Risaflóðbylgjan, sem skall á norðaustanverðu Japan 11. mars árið 2011, lagði meðal annars í rúst skelfiskveiðifyrirtæki Hatakeyama-fjölskyldunnar. Fimm árum síðar er fyrirtækið komið á fullan skrið á ný.



Japanski umhverfissinninn Shigeatsu Hatekeyama, aðaleigandi skelfiskveiðifyrirtækis Hatekeyama-fjölskyldunnar, hefur mikinn áhuga á skógrækt og stendur þarna í skógi, sem hann hefur ræktað ásamt bændum og sjómönnum í fjöllum vestur af borginni Kesennuma. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




Skelfisk- og ostruræktarsvæði í Moune-flóa, sem lagðist í rúst í hamförunum árið 2011. Starfsemin er komin á fullan skrið á ný og framleiðslan hefur á þessu ári verið meiri en nokkru sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Tetsu Hatekeyama, einn af eigendum fjölskyldufyrirtækisins í bænum Kesennuma, gengur frá skelfiski sem seldur verður á markaði. Hatekeyama-fjölskyldan er þekkt í Japan fyrir áherslu á umhverfisvernd. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# DEBENHAMS

## SPRENGIDAGAR



ALLT AÐ

# 25%

AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

KONUR • HERRAR • BÖRN • SNYRTIVÖRUR

# 20%

AFSLÁTTUR


## AF SNYRTIVÖRUM

### FLOTT OFURTILBOÐ - BARA Í DAG!




MAINE

**40%** afsláttur af öllum dömufatnaði frá Maine




**40%** afsláttur af dömunærbuxum 5 í pakka



**OROBLU**

**40%** afsláttur af Orablu Slim Fit All Colors



MAINE

**40%** afsláttur af öllum herrafatnaði frá Maine



JASPER CONRA

**40%** afsláttur af barnakjólum og skyrtum frá Jasper Conran



**20%** afsláttur af MAC snyrtivörum

 Finndu okkur á facebook

OPIÐ TIL 23:00 Í KVÖLD

DEBENHAMS SMÁRALIND

# NOTAÐIR BÍLAR TILBOÐ

BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!  
KOMIÐU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN  
BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!



Rnr. 283439

GÖNGUM FRÁ  
FJÁRMÖGNUN Á  
STAÐNUM

RENAULT MEGANE SP. TOURER  
Nýskr. 06/13, ekinn 40 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 2.790.000

**TILBOÐSVERÐ!  
2.390 þús.**



SUZUKI GRAND VITARA PREM.  
Nýskr. 06/11, ekinn 130 þús km.  
bensín, beinskíptur.  
Verð áður kr. 2.890.000  
Rnr. 283074

**TILBOÐ kr. 1.990 þús.**



BMW 318i  
Nýskr. 02/08, ekinn 45 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.390.000  
Rnr. 270442

**TILBOÐ kr. 2.590 þús.**



BMW 320d  
Nýskr. 08/06, ekinn 86 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 2.980.000  
Rnr. 142996

**TILBOÐ kr. 2.290 þús.**



HYUNDAI i40 COMFORT  
Nýskr. 08/13, ekinn 35 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.990.000  
Rnr. 120694

**TILBOÐ kr. 3.490 þús.**



HYUNDAI i30 CLASSIC WAGON  
Nýskr. 06/12, ekinn 98 þús km.  
bensín, beinskíptur.  
Verð áður kr. 1.780.000  
Rnr. 120696

**TILBOÐ kr. 1.380 þús.**



NISSAN NOTE VISIA  
Nýskr. 05/12, ekinn 98 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 1.550.000  
Rnr. 283504

**TILBOÐ kr. 1.250 þús.**

WWW.BÍLALAND.IS  
**bílaland**

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is  
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



Kjösendur á kjörfundi Demókrataflokksins í Denver í Colorado á þriðjudaginn. Fyrirkomulag kosninga er misjafnt eftir ríkjum. Sums staðar eru kallaðir saman fundir þar sem atkvæði eru greidd. NORDICPHOTOS/AFP

## Trump og Clinton með ótvíræða forystu

Ofurþriðjudagurinn svonefndi skilaði Donald Trump nokkuð öruggu forskoti hjá Repúblikanaflokknunum, helstu ráðamönnum flokksins til skelfingar. Hillary Rodham Clinton náði einnig að skjóta Bernie Sanders langt aftur fyrir sig.

Guðsteinn  
Bjarnason  
gudsteinn@frettabladid.is



# 8

ríki hafa skilað Clinton betri niðurstöðu en Sanders.

**BANDARÍKIN** Bernie Sanders benti félögum sínum í Demókrataflokknunum á að enn ættu forkosningar eftir að fara fram í 35 af 50 ríkjum Bandaríkjanna. Hann ætlaði sér alls ekki að gefast upp strax, þótt hann hefði beðið lægri hlut í flestum þeirra 15 ríkja sem búin eru að halda forkosningar.

„Leyfið mér að fullvissa ykkur um að við ætlum að fara með baráttu okkar fyrir efnahagslegu réttlæti, fyrir félagslegu réttlæti, fyrir umhverfisheilbrigði og fyrir friði í heiminum til allra þessara ríkja,“ sagði hann við stuðningsmenn sína í Vermont, þar sem hann vann sinn stærsta sigur. Enda er hann þar á heimaslóðum.

Fáir virðast þó telja hann líklegan til sigurs úr þessu. Clinton bar sigur úr bítum í átta af þeim tólf ríkjum, sem kosid var í á þriðjudaginn. Hún er þar með komin með yfirburðastöðu í kappi þeirra Sanders um að verða forsetaefni demókrata, þegar Bandaríkjamenn velja sér forseta í nóvember.

Hjá Repúblikönunum styrkti síðan hinn yfirlýsingaglaði Donald Trump stöðu sína til muna, helstu ráðamönnum flokksins til mikillar skelfingar.

„Þetta er flokkur Lincolns,“ sagði repúblikaninn Paul Ryan, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, og vísaði óbeint til þess að Donald Trump hefði ekki brugðist harkalega við þegar hann frétti að einn helsti forsprakki Ku Klux Klan samtakanna hafði lýst yfir stuðningi við hann.

„Ef einhver vill verða frambjóðandi Repúblikanaflokksins, þá duga engin undanbrögð eða leikaraskapur,“ sagði Ryan. „Þeir verða að afneita öllum samtökum og stefnumálum sem eru byggð á þröngsýni. Þessi flokkur nærast ekki á fordómum fólks.“

Trump bar sig hins vegar mannalega, sagðist ekki þekkja Ryan sérlega vel en þeim ætti örugglega eftir að koma ágætlega saman.

„Ég er maður sem sameinar fólk. Ég veit að fólk á eftir að eiga svoltið erfitt með að trúa því, en trúid mér: ég sameina fólk,“ sagði Trump við blaðamenn. „Flokkurinn okkar er að stækka.“

### Staðan nú

Til að verða kosinn forsetaefni **Repúblikanaflokksins** þarf atkvæði frá **1.237** af **2.470** fulltrúum á landsþingi flokksins í júlí.

**Minnsti meirihluti**  
Trump **285**  
Cruz **161**  
Rubio **87**  
Kasich **25**  
Carson **8**


Til að verða kosinn forsetaefni **Demókrataflokksins** á landsþingi flokksins í júlí þarf atkvæði frá **2.383** af **4.763** fulltrúum á landsþingi flokksins í júlí.

**Minnsti meirihluti**  
Clinton **1.001**  
Sanders **371**

Hann sagðist ekki ætla að sýna Hillary Clinton neina miskunn, færi svo að þau tvö yrðu forsetaefni flokkanna tveggja: „Þegar öllu þessu er lokið ætla ég að ráðast gegn Hillary Clinton, að því gefnu að henni verði leyft að fara í framboð.“

### Staðan í forkosningum flokkanna tveggja

Til að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins þarf atkvæði frá 1.237 af 2.470 fulltrúum á landsþingi flokksins



Til að verða forsetaefni Demókrataflokksins þarf atkvæði frá 2.383 af 4.763 fulltrúum á landsþingi flokksins,





Gleðilega páska



Sjálfbærni  
og samfélagsábyrgð

Nóa Sírius súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

## Þau eru tilbúin

Nú mega páskaeggirnir koma því að Nóa páskaeggirnir eru tilbúin. Og vitið þið bara hvað? Við vonduðum okkur alveg sérstaklega í ár, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Bæði gómsæta súkkulaðiskelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Ekki ryðjast — það er nóg til fyrir alla.

 [facebook.com/noisiriuss](https://facebook.com/noisiriuss)

Ópið til **23**

FREISTANDI TILBOÐ OG FRÁBÆR SKEMMTUN

# KONUKVÖLD

SMÁRALINDAR & K100

DAGSKRÁIN BYRJAR KL. 19.30

**SVALI OG SVAVAR** BYRJA FJÖRIÐ, **GLOWIE**,  
STEINAR, **FRÍÐRIK ÓMAR & JÓGVAN**, STEFÁN HILMARS,  
**FRÍÐRIK DÓR & JÓN JÓNSSON** SKEMMTA GESTUM  
**TAKTU ÞÁTT Í HAPPDRETTINU** GLÆSILEGIR VINNINGAR

**ÞETTA KVÖLD ER FYRIR OKKUR ALLAR**

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP  
Í SKEMMTILEGUM FÉLAGSSKAP



Freistandi tilboð í allan dag

<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum dömubuxum</p> 	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> 	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>25% afsláttur af öllu föndri fyrir A4 klúbbfélaga</p> 	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20-50% af hár og snyrtivörum 25% af Real Techniques burstum</p> 	
<p>TILBOÐ</p> <p>1.890 kr. kjúklingasalöt Adesso og kjúklingur í speltbrauði</p> 	<p>TILBOÐ</p> <p>1.099 kr. BBQ-salat</p> 	<p>VILDARAFSLÁTTUR</p> <p>25% af öllum ferðatöskum og ferðahandbókum</p> 	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> <p>Blekhylki.is Simaveski.is</p>	
<p>AFSLÁTTUR</p> <p>15% af öllum skóm</p> 	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>15% af öllum vörum</p> 	<p>TILBOÐ</p> <p>1.990 kr. 1 stk. stuttermabolur eða 1 pk. boxer</p> <p>4.990 kr. 3 stk. stuttermabolir eða 3 pk. boxer</p> 	<p>TILBOÐ</p> <p>1.990 kr. 1 stk. stuttermabolur eða 1 pk. boxer</p> <p>4.990 kr. 3 stk. stuttermabolir eða 3 pk. boxer</p> 	
<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> 	<p>TILBOÐ</p> <p>Egils Kristall 0,5l fylgir öllum keyptum salötum</p> 	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af Brasilíu-kaffi og te-flöskum</p> <p>2 fyrir 1 af Lakrids-latte</p> 	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>Allt að 25% af öllum vörum</p> <p>DEBENHAMS</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>Allt að 30% af aukahlutum</p> <p>10.000 kr. af iPhone 6s og 6s+</p> 
<p>TILBOÐ</p> <p>Hlaðborð 1.890 kr. Pizza, súpa og salatbar</p> 	<p>TILBOÐ</p> <p>990 kr. lítill bátur með gosi</p> <p>1.490 kr. stór bátur með gosi</p> 	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> 	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> 	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> 



# Freistandi tilboð og frábær skemmtun

Konukvöld **Opið til 23**



AFSLÁTTUR

20%

af öllum sportfatnaði og sportskóm

**ÚTILÍF**

AFSLÁTTUR

20%

af öllum vörum

**PANDÓRA**  
ÓGLEYSANLEG AUGNABLIK

AFSLÁTTUR

TAX-FREE

af öllum snyrtivörum og fatnaði

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

AFSLÁTTUR

20%

af verði allra vörutegunda

**THE BODY SHOP**

AFSLÁTTUR

20%

af KNOMO vörum og Richmond og Finch símahulstrum

**epli.is**

AFSLÁTTUR

20%

af öllum vörum

**CINTAMANI**

TILBOÐ

3 fyrir 2

af öllum vörum

MAKE UP STORE

AFSLÁTTUR

20%

af öllum vörum

**ESPRIT**

TILBOÐ

2 fyrir 1

á Fyrir framan annað fólk kl. 17.45, gildir í miðasölu. 2 fyrir 1 tilboð á Hlébarnum.

**SMÁRA BÍÓ**

TILBOÐ

Kaupuki fylgir ef keypt er fyrir meira en 5.000 kr.

**DÚKA**

AFSLÁTTUR

15%

af öllum skóm

**BOSSANOVA**

AFSLÁTTUR

20%

af öllum vörum

Optical Studio

AFSLÁTTUR

20%

af öllum vörum

**AIR**

AFSLÁTTUR

25% af öllum snyrtivörum og ilfum

20% af öllum bætiefnum

**LYFJA**

AFSLÁTTUR

20% af öllum dömuvörum og herra-buxum

2 fyrir 1 af Maó bolum

**galleri sautján**

AFSLÁTTUR

20% af öllum skóm (nema Nike & Adidas)

10% af Adidas & Nike skóm

**focus**

AFSLÁTTUR

20%

af öllum vörum

**TOPSHOP**

AFSLÁTTUR

20%

af öllum vörum

**DOROTHY PERKINS**

AFSLÁTTUR

20%

af öllum vörum

**evans.**

AFSLÁTTUR

20%

af öllum vörum

**Kaupfélagið**



# Tilboðin gilda í allan dag

ISLENSKUSÍÐLA IS SM. 7521 03/16

<p>TILBOÐ</p> <p>3 fyrir 2 af öllum vörum</p> <p>S I X</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>15% af matseðli</p> <p>JOE &amp; THE JUICE</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> <p>PLUSMINUS OPTIC</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>15% af úrum og skarti</p> <p>JÓN &amp; ÓSKAR</p>
<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> <p>Drangey</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af hleðslukubbum</p> <p>vodafone</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>15% af öllum vörum</p> <p>VERO MODA</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> <p>JACK &amp; JONES</p>
<p>TILBOÐ</p> <p>1.790 kr. salat dagsins. 890 kr. léttvínsglas</p> <p>energja</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum glösum og kertastjökum</p> <p>Lif&amp;List SMÁRALIND</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>15% af öllum vörum</p> <p>VILA CLOTHES</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> <p>SELECTED</p>
<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum skóm</p> <p>gs skór</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> <p>KARAKTER KONUR</p>	<p>TILBOÐ</p> <p>895 kr. frönsk súkkulaðikaka og kaffi</p> <p>TE &amp; KAFFI</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> <p>CORNER</p>
<p>AFSLÁTTUR/TILBOÐ</p> <p>20% af skóm, tösukum og klátum</p> <p>3 fyrir 2 af skarti</p> <p>MOA</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af silfurskartgripum</p> <p>meba   rhodium</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>10% Ef keypt er ein flík</p> <p>15% tvær flíkur</p> <p>20% þrjár flíkur</p> <p>comma,</p>	<p>TILBOÐ</p> <p>Frí hreinsun á einum skartgrip</p> <p>Jens</p>

Konukvöld Opið til 23



## NEYTENDUR



## Eldfasta mótið gert eins og nýtt

Matvæli og fita geta loðað fast við eldföst mót að notkun lokinni, sérstaklega ef svo óheppilega hefur viljað til að matur hafi náð að brenna við í fatinu. Hægt er að bregðast við með að setja í mótið væna skvettu af grófu salti og nudda svo upp úr volgu vatni með burstu eða svampi.



## Til að lesa fréttir

Með smáforriti PressReader fær fólk aðgang að fréttum, auk dagblaða og tímarita um heim allan. Birting hvers blaðs er svo löguð að hverju því tæki sem fólk notar til þess að nálgast efnið, sínum, spjaldtölvum eða öðrum tölvum. Sumt er ókeypis, eins og til dæmis bæði Fréttablaðið og Fréttatíminn hér heima, auk fjölda annarra rita. Önnur rit er hægt að kaupa stök, eða í áskrift.

**UMSAGNIR** Flestir virðast ánægðir með appið og virkni þess. Stórkostlegt þegar það er í lagi, segir einn sem veitir umsögn sína hjá Apple, en kvartar þó undan því að forritið sé stundum brokkgengt. Hjá appveitu Android fær forritið 3,4 stjörnur af fimm og 3,9 af fimm hjá Microsoft Store fyrir Windows 10.

## Hvað borgar þú bankanum þínum í gjöld fyrir þjónustu?

Bankar landsins rukka viðskiptavinum sína fyrir ýmsa þjónustu. Það getur kostað nokkur hundruð króna að nota debetkort í öðrum banka en sínum eigin og allt að 800 krónum að taka út fé erlendis.

Sæunn  
Gísladóttir  
saeunn@frettabladid.is

Kortum og viðskiptum við viðskiptabankana þrjá fylgir ýmis kostnaður og gjöld. Fréttablaðið tók saman helstu gjöld sem fylgja debet- og kreditkortum hér á landi, en tölurnar eru byggðar á núverandi verðskrá bankanna sem má finna á heimasíðum þeirra.

Mikilvægt er að neytendur átti sig á þeim gjöldum og kostnaði sem geta fylgt þessari þjónustu. Sér í lagi nýleg gjöld. Á síðasta ári fóru bankar til að mynda í fyrsta sinn að rukka gjald fyrir úttekt annarra í hraðbanka en viðskiptavina.

Ýmis gjöld hafa einnig hækkað milli ára. Árgjöld debetkorta hafa hækkað milli ára hjá öllum bönkunum og eru þau lægst hjá Landsbankanum. Ódýrast virðist jafnframt að nota debetkort hjá Landsbankanum. Ódýrast virðist hins vegar vera að nota VISA-kreditkort frá Arion banka, en MasterCard frá Landsbankanum.

Þó ber að hafa í huga að hjá öllum bönkunum fá viðskiptavinir með vildarkjör afslátt af árgjaldi og fríar debetkortafærslur upp að ákveðnum fjölda. Samanburður milli bankanna er auk þess ekki alltaf einfaldur þar sem nöfn og skilmálar geta verið ólíkir fyrir svipaða þjónustu.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir brýnt að neytendur fylgist vel með gjöldum bankanna og sýni þeim aðhald. „Bankarnir eru með þessar upplýsingar inni á sínum heimasíðum, þannig að þeir neytendur sem vilja skoða þetta þeir geta það. Þessi gjöld eru mjög fjölbætt. Að sjálfsögðu eiga



## Þjónustugjöld bankanna vegna debet- og kreditkorta

	Landsbankinn	Íslandsbanki	Arion banki
<b>Debetkort</b>			
Árgjald debetkorts	↑ 695 kr.	↑ 750 kr.	↑ 790 kr.
Debetkortafærsla	↑ 17 kr.	↑ 19 kr.	18 kr.
Úttekt í hraðbanka erlendis	2% af upphæðinni	2% af upphæðinni	2% af upphæðinni
Greitt með debetkorti erlendis	1% af upphæðinni	1% af upphæðinni	1% af upphæðinni
Úttekt í hraðbanka viðkomandi banka, fyrir aðra en viðskiptavini	0,75% af upphæðinni	↑ 375 kr.	155 kr.
<b>Kreditkort</b>			
Innlend úttekt reiðufjár, þóknun	2,20%	2,20%	2,20%
Innlend úttekt reiðufjár, úttektargjald	120 kr.	115 kr.	Í hraðbanka 110 kr. Hjá gjaldkera 180 kr.
Erlent úttekt reiðufjár, þóknun	VISA 2,75%		
	Mastercard 2,5%	2,75%	2,75%
Erlent úttekt reiðufjár, lágmarkspóknun	↑ VISA 800 kr. Mastercard 440 kr.	VISA 690 kr. Mastercard 690 kr.	VISA 690 kr.
<b>Önnur gjöld</b>			
Millifærslur í síma	100 kr.		
Innborgun á reikning í öðrum banka	100 kr.	125 kr.	120 kr.
Staða og færslur lesnar upp af starfsmanni	95 kr.	↓ 95 kr.	75 kr.
Afgreiðsla utan hefðbundins tíma		250 kr.	290 kr.

↑ Hækkun gjaldskrár milli ára ↓ Lækkun gjaldskrár milli ára

neytendur að fylgjast vel með þessu,“ segir Jóhannes.

Hann segir að neytendur þurfi að vera vakandi í öllum viðskiptum. Ef þeir eru ósáttir eigi þeir að koma

þeim skilaboðum til skila. „Ef að neytanda blöskra gjöldin, þá er ekkert að því að þeir hreinlega mótmæli. Til dæmis þegar verið er að taka upp ný gjöld geta þeir mótmælt

formlega með því að senda sínum viðskiptabanka bréf. Þannig gætu neytendur sýnt aðhald. Á fákeppnismarkaði er enn frekari þörf á að sýna það,“ segir Jóhannes Gunnarsson.



**Neytandinn** Oddný Anna Björnsdóttir framkvæmdastjóri

## Tollar og takmarkanir í veginum

Um árabíl hefur Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Yggdrasils, verið í fararbroddi meðal fólks sem talað hefur fyrir notkun á lífrænt vottuðum vörum. Hún segir úrvalið af slíkum vörum hafa aukist til mikilla muna undanfarin ár.

Nú sé til dæmis hægt að fá flestar tegundir lífrænt vottaðrar „þurr-vöru“ (sem er matvara önnur en ferskvara) bæði í stórmörkuðum og heilsuvöruslunum. Hafi fólk hug á að kaupa fremur lífrænt sé gott að byrja á að skipta út matvörum sem neytt sé reglulega. Þar séu meginflokarnir olíur, hafraflögur, mjöl og grjón, jurtamjólk, te, hnetur, fræ og þurrkaðir ávextir, safar, gos, snakk, kex og súkkulaði. „Eins er ráð að kaupa lífrænar ferskvörur þegar og þar sem þær eru í boði,“ segir Oddný Anna, en vegna innflutningstakmarkana og verndartolla á landbúnaðarvörur hafi ekki verið mögulegt eða fýsilegt að flytja þær vörur inn í takt við eftirspurn.

„Stórt skref var þó stigið í byrjun þessa árs þegar fyrstu lífrænu egginn komu á markað sem var mikið fagnaðarefni, enda er lífræn vottun eina tryggingin fyrir því að ekki hafi verið notað erfðabreytt fóður.“

Oddný segir mikilvægt að neytendur þrýsti á stjórnvöld að styðja lífræna aðlögun í landbúnaði og hvetja bændur til að framleiða lífrænar landbúnaðarafurðir. „Eins vil ég benda fólki á Matarmarkað Búrsins í Hörpunni sem er haldinn



Lífrænt ræktað grænmeti og vottaður mjólkurmat. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þrisvar til fjórum sinnum á ári þar sem það getur birgt sig upp af lífrænum og öðrum íslenskum vörum beint frá bónda.“

## En er þetta dýrara?

„Lífrænt vottaðar vörur eru dýrari, en munurinn er mismikill,“ segir Oddný Anna. „Eftir að ég byrjaði að kaupa lífrænar vörur fór ég að bera meiri virðingu fyrir matnum og nánast hætti að henda mat, enda er

matarsóun eitt af helstu samfélagsmeinum nútímans. Ef maður er nýttinn og kaupir minna af unnum og tilbúnum réttum og gerir sjálfur meira frá grunni er hægt að tileinka sér lífrænan lífsstíl án þess að kostnaðurinn fari úr böndunum.“

Þá segir hún ekki mega gleymast að ódýrasta leiðin sé að rækta sitt eigið lífræna grænmeti. „En áhugi á því hefur aukist verulega að undanfögnu.“

## Opinn fundur um börn og nútímasamfélag

4. mars  
kl. 8.30-10.30

Háskólanum í Reykjavík, st. V101

Fundarstjóri verður Nanna Kristín Christiansen, uppeldis- og menntunarfræðingur og ritstjóri Krítarinnar.

Líðan barna og unglinga á Íslandi: Staða og þróun.

Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík og stofnandi Rannsóknna og greininga.

Nám, grunnleggjandi færni og breytt skipulag skólaladagsins.

Hermundur Sigmundsson, prófessor í lífedeislegri sálarfræði við norska tækni og vísindaháskólann í Trondheimi og Háskólann í Reykjavík.

Niðurstöður skýrslu UNICEF um börn á Íslandi sem líða efnislegan skort.

Lovísa Arnardóttir, réttindagæslufulltrúi UNICEF og höfundur skýrslunnar.

„Ég er bara með samviskubit, svo geðveikt gagnvart börnunum“ – Um samræmingu fjölskyldu og atvinnu í nútímasamfélagi.

Andrea Hjálmsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri og Marta Einarsdóttir, sérfræðingur við Rannsóknna- og þróunar-miðstöð Háskólans á Akureyri.

Stytti vinnuvika í Reykjavík.

Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar, um tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar.

Atvinnulíf og stytting vinnudagsins.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins, um samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Pallborðsumræður:

Heimili og skóli, Félag skólalastjórna í RVK, Félag grunn-skólakennara, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, SAMFOK, Barnaheill, Hrói höttur barnavinafélag, og Helga Arnfríður Haraldsdóttir barnasálfræðingur, ásamt fyrirlesurum.



BANDALAG KVENNA Í REYKJAVÍK



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

# Páskatilboð á húsgögnum!

25% afsláttur af völdum húsgögnum



## Islandia borðstofuhúsgögn

Mikið úrval af skápum, hillum, sjónvarpsskápum, sófaborðum, stækkanlegum borðstofuborðum o.fl.. Fáanleg í eik og hnotu. Nú með 25% afslætti.  
Borðstofuborð 100 x 200/300 cm kr. 359.000,-, nú 269.250,-. Borðstofuborð 100 x 160/260 cm, kr. 338.000,- nú 253.500,-. Glerskápur 110 x 200 cm, kr. 329.000,-, nú 246.750,-.  
Skenkur 3ja hurða 189 x 50 x 88 cm, kr. 323.000,-, nú 242.250,-. Skenkur 4ra hurða 240 x 50 x 88 cm, kr. 429.000,-, nú kr. 321.750,-.  
Borðstofustóll í leðri, 32.700,-, tilboðsverð (-30%) kr. 22.890,-.



**Snowdrops Copenhagen**  
handgerðir blómáttar kr. 26.700,-



## Stoffus tungusófi

m/lengjanlegum setum og stillanlegum höfuðpúðum.  
Stærð; 285 x 180 cm. Litir: dökkbrúnt, grátt og ljósbrúnt  
Verð tilboð (-25%) kr. 525.000,-, nú 393.750,-



## Asiama S353 hornsófi í leðri

Stærð 278 x 226 x 105 cm. Litir; svart, brúnt og ljósgrátt.  
Verð frá kr. 578.000,-. Tilboðsverð (-25%) frá kr. 433.500,-.



**Snowdrops Copenhagen mottur,**  
120x160 cm kr. 34.000,-, 170x240 cm kr. 58.000,-,  
200x300 cm kr. 86.000,-



Blómavasi LSA 25 cm, kr. 7.400,-



## idp Sphera leðursófar og sófasett



Stærð: 3ja 215 x 85 cm, stóll 80 x 85 cm. Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.  
Verð tilboð (-25%), 3+1+1 995.000,- nú 746.250,-,  
3ja sæta sófi 475.000,- nú 356.250,-, stóll 260.000,-, nú 195.000,-  
Ítölsk hönnun og framleiðsla

# HEIMAHÚSIÐ


Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is). Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.

## VIÐSKIPTI

## Fjármögnun forsetaframbjóðenda í Bandaríkjunum\*

Alls safnað  
27,3 milljónir dollaraSkipting fjármögnunar  
Trump's eftir fylkjumSkipting fjármögnunar  
Clinton eftir fylkjumAlls safnað  
188 milljónir dollara

## Donald Trump

Safnað  
27,3 milljónir USD\*\*  
3,6 milljarðar ISKEytt  
25,5 milljónir USD  
3,3 milljarðar ISKEytt í sjónvarpsauglýsingar  
1,1 milljón USD  
143 milljónir ISK

## Hillary Clinton

Safnað  
188 milljónir USD\*\*  
24,5 milljarðar ISKEytt  
110 milljónir USD  
14,3 milljarðar ISKEytt í sjónvarpsauglýsingar  
6,4 milljónir USD  
830 milljónir ISK

## Marco Rubio

Safnað  
84,6 milljónir USD\*\*  
11 milljarðar ISKEytt  
61,1 milljón USD  
8 milljarðar ISKEytt í sjónvarpsauglýsingar  
3,5 milljónir USD  
455 milljónir ISK

## Ted Cruz

Safnað  
104,2 milljónir USD\*\*  
13,6 milljarðar ISKEytt  
73,3 milljónir USD  
9,5 milljarðar ISKEytt í sjónvarpsauglýsingar  
6,2 milljónir USD  
800 milljónir ISK

## Bernie Sanders

Safnað  
96,3 milljónir USD\*\*  
12,5 milljarðar ISKEytt  
81,7 milljónir USD  
10,6 milljarðar ISKEytt í sjónvarpsauglýsingar  
5,2 milljónir USD  
700 milljónir ISK

Heimildir: \*Federal Election Commission, miðað við fjármagn sem safnað hafði 31. janúar 2016. \*\*New York Times 22. febrúar.

GRAFÍK/INGO

## Tugir milljarða til að ná forystu

Dyrkeypt getur verið að komast langt í forsetakosningum í Bandaríkjunum. Clinton og Trump höfðu í lok febrúar varið 17,9 milljörðum króna í sín framboð. Trump varði þó einungis fimmtungi af fjárhæð Clinton. Frambjóðendur sem hættir eru söfnuðu 40 milljörðum.

Sæunn  
Gísladóttir  
saeunn@frettabladid.is

Úrslit ofurþriðjudagskosninganna svokölluðu í Bandaríkjunum eru nú ljós, og allt stefnir í forsetaslag milli Hillary Clinton og Donalds Trump í nóvember. Þau hafa eytt samanlagt sem nemur tæpum tuttugu milljörðum króna til að tryggja sér forystu.

Forsetakosningar í Bandaríkjunum og himinháar fjárhæðir hafa verið óaðskiljanlegar undanfarna áratugi. Þó er áhugavert að í þessari kosningabaráttu hefur langt í frá verið samsemmerki milli þess að safna hæstu fjárhæð og velgengi.

Trump hefur safnað langminnst meðal þeirra sem eru með forystu um þessar mundir. Jeb Bush sem hafði safnað næsthæstri upphæð á eftir Clinton og eytt mestu í sitt framboð hætti í kosningabaráttunni þann 20. febrúar síðastliðinn.

## Vörðu þremur milljörðum í sjónvarpsauglýsingar fyrir ofurþriðjudaginn

Frambjóðendur verja miklu fé í sjónvarpsauglýsingar í aðdraganda kosninga. NBC News greinir frá því að frambjóðendurnir hafi varið samtals 23 milljónum dollara, jafnvirði þriggja milljarða íslenskra króna, í sjónvarpsauglýsingar í aðdraganda ofurþriðjudags.

Clinton varði mestu, eða 6,4 milljónum dollara, jafnvirði 830 milljóna íslenskra króna, Sanders varði aðeins minni fjárhæð eða 5,2 milljónum dollara, tæpum 700 milljónum króna.

Hillary Clinton er nú með forystu meðal demókrata, en Donald Trump meðal repúblikana. Þau hafa eytt 17,9 milljörðum króna í framboð sín, samkvæmt nýjustu tölum frá 22. febrúar, en áætla má að talsvert hafi bæst við

Ted Cruz og hans kosningateymi vörðu næstmestu, og mestu meðal repúblikana, eða 6,2 milljónum dollara, rúmlega 800 milljónum króna, að mestu leyti í Suðurríkjunum. Rubio varði 3,5 milljónum dollara samtals, jafnvirði 455 milljóna króna. Kosningateymi Trumps varði langminnstu, tæplega einum sjötta af því sem Cruz varði, eða 1,1 milljón dollara, 143 milljónum króna.

upphæðina milli 22. febrúar og 1. mars.

Clinton hafði þá safnað 24,3 milljörðum króna og eytt 14,3 milljörðum króna, til að tryggja sér forystu. Trump hafði þó einungis eytt

fimmtungi af fjárhæð Clinton, eða 3,3 milljörðum íslenskra króna.

## Höfðu safnað 40 milljörðum

Það er ekki einungis þeir sem eru í lokaslagnum sem hafa safnað og eytt miklu fé. Center for Responsive Politics áætlafráframbjóðendur sem nú hafa hætt kosningabaráttu hafi safnað samtals 314 milljónum dollara, rúmum 40 milljörðum króna, í kosningabaráttunni.

## Bush safnaði 20 milljörðum

Þar fremstur í flokki er Jeb Bush. Þegar hann hætti kosningabaráttu þann 20. febrúar hafði hann safnað næstmestu allra frambjóðenda eða 157,6 milljónum dollara, rúmum 20 milljörðum króna í framboðið. Það er hærri fjárhæð en Hillary Clinton og Trump höfðu varið þann 22. febrúar.

Aðrir vongóðir repúblikanar, Scott Walker, Chris Christie og Carly Fiorina, söfnuðu milli 24 og 32 milljóna dollara

fyrir framboðin sín. Martin O'Malley, þriðji frambjóðandi demókrata sem var litið áberandi í kosningabaráttunni, náði hins vegar einungis að safna tæpum sex milljónum dollara.

Áhugavert er að beina sjónum að því hvaðan fjármagn frambjóðendana kemur. Ef litið er á landið í heild sinni sést að þær 500 milljónir dollara sem frambjóðendur höfðu safnað í lok janúar koma að mestu leyti frá Kaliforníu, New York, Texas og Flórída, samkvæmt Federal Election Commission.

Flokkarnir söfnuðu mest tæpum 30 milljónum dollara í fylki, repúblikanar söfnuðu fenu í Texas en demókratar í Kaliforníu.

Hillary Clinton safnaði mestu fé í Kaliforníu og svo New York. Langstærsti hluti fjármagns hennar kemur frá norðausturströnd Bandaríkjanna. Fjármagn Trumps kemur úr mun fleiri áttum. Mestu safnaði hann í Texas.

Sömu sögu er að segja um fjármagn Cruz, tæplega þriðjuti prósent þess koma frá Texas.

## Ríkasti maður Kína varar við úrsögn Breta úr Evrópusambandinu

Wang Jianlin, ríkasti maður Kína, hefur hvatt Breta til þess að yfirgefa ekki Evrópusambandið þegar kosid verður um það 23. júní næstkomandi. Hann telur að fjöldi kínverskra fyrirtækja muni flytja starfsemi sína frá Bretlandi ef af því verður.

Í frétt The Sunday Times um málið kemur fram að Wang Jianlin, stofnandi Dalian Wanda sem rekur meðal annars skútur og er að byggja fimm stjörnu hótél í London,

telji að úrsögn úr ESB væri ekki rétt ákvörðun fyrir Bretland. Hann bendir á að það myndi skapa erfiðleika og hindranir fyrir fjárfesta, auk vegabréfsáritunarvandamála fyrir ferðamenn.

Eftir að tilkynnt var um kosningarnar í síðustu viku hrundi gengi pundins á móti dollara um 3,8 prósent, sem er mesta lækkun síðan í efnahagskreppunni 2008. Á þriðjudaginn birti The Times yfir-

lýsingu sem þriðjungur hundrad stærstu fyrirtækja Bretlands, svokölluð FTSE 100 fyrirtæki, studdi um áframhaldandi veru í Evrópusambandinu.

Skiptar skoðanir eru á útgöngu Breta úr ESB. Boris Johnson, borgarstjóri London, lýsti því yfir að hann styddi þá stefnu, en margir aðrir stjórnmalámennt, meðal annars David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, vilja ekki úrsögn. – sg



Wang Jianlin er ríkasti maður Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Á þriðjudaginn birti The Times yfirlýsingu sem þriðjungur hundrad stærstu fyrirtækja Bretlands, svokölluð FTSE 100 fyrirtæki, studdi um áframhaldandi veru í Evrópusambandinu.



Innovation  
that excites

# GAMAN GAMAN!



## SJÁFSKIPTING, FJÓRHJÓLADRFIF OG 190 HESTÖFL

**NISSAN JUKE** ACENTA PLUS 4WD  
**4.590.000 KR.**

**STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN JUKE ACENTA ER MEÐAL ANNARS:**

Íslenskur leiðsögubúnaður, bakkmyndavél, 6 öryggisloftþúðar, ABS með EBD, ESP skriðvörn, ISOFIX barnabílstólafestingar, Bluetooth handfrjálfs simabúnaður, útvarp með geislasplara, AUX og USB tengi fyrir MP3 spilara, 17" álfelgur, 60/40 skipting á aftursætum, samlitir speglar og hurðahúnar, krómaðir hurðaopnara, hæðarstilling á bílstjórasæti, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, sjálfvirk loftkæling, hraðastillir (Cruise Control), aksturstölv, rafdrifnir útispeglar, rafdrifnar rúður, þokuljós, varadekk, fjarstýrðar samlæsingar, hraðanæmt vökvastýri.

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





iPad mini 4  
iPad Air 1  
iPad Air 2

Verð **72.990.-**  
Verð **69.990.-**  
Verð **89.990.-**



iPhone 6S  
iPhone 6S Plus

Verð frá **124.990.-**  
Verð frá **134.990.-**

Retina skjár, 12MP myndvél, 4K video.



PUNK  
þráðlaus hátalari

Verð **11.990.-**

PUNK er smár, sterkur og urrandi hávaðasamur. Frá Sol Republic



Zipper  
þráðlaus hátalari

Verð frá **39.990.-**

Magnaður, þráðlaus hátalari frá Libratone. Léttur og einfaldur í notkun.



iRig Mic

Verð **7.990.-**

Hljóðnemi fyrir snjallsíma og spjaldtölvur

**b** beats by dr. dre.



Solo2  
Solo2 þráðlaus

Verð **31.990.-**  
Verð **47.990.-**

Ný þráðlaus útgáfa af vinsælustu heyrnartólunum frá Beats!



Active Lense  
Aðdráttar og víðlinsa

Verð **13.990.-**

Aðdráttar og víðlinsa fyrir iPhone 6 / 6 Plus



Uproar  
þráðlaus heyrnartól

Verð **7.990.-**

Einföld, nett, þægileg og endast allt að 10 klst. á fullri hleðslu. Frá Skullcandy



GoPro  
Hero4 Session

Verð **39.990.-**

Minnsta, léttasta GoPro vélin hingað til



Incase Sleeve  
Incase Sleeve  
með Macbook Air  
og MacBook\*\*

Verð **6.990.-**  
Verð **4.990.-**



MacBook

Verð frá **224.990.-**

Gullfallegr 12" Retina skjár, sem er engu líkur



MacBook Air

Verð frá **189.990.-**

Alvöru afl, allan daginn

**\*Vaxtalaus greiðsludreifing**

Við bjóðum handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli í allt að 6 mánuði.


Við kaupverð bætist 3.5% lántökugjald og færslugjald, nú 405 kr., við hvern gjalddaga.

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. \*\* Incase fæst á 4.990 ef keypt er með Macbook Air eða MacBook tölvu

Apple TV 64GB er framtíðar

# Leikjastölvva

Skiptu gömlu Apple TV upp í  
nýtt **Apple TV 64GB**  
og þú greiðir aðeins  
**29.990.-\***



Sjónvarp  
framtíðarinnar og  
leikjastölvva í sama tækinu

Nýja Apple TV kemur með innbyggðu  
App Store þar sem þú getur náð í forrit og  
tölvuleiki beint í græjuna.

Apple TV 64GB  
Uppítökuverð **29.990.-\***

Apple TV 64GB  
Fullt verð **35.990.-**

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is  
Þjónustudeild Epli er opin laugardaga 12-16



\*Rafmagnskapall og fjarstýring þarf að fylgja með og tækið þarf að vera í nothæfu ástandi.

## SKOÐUN

## Auðmýri



Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@frettabladid.is

Öll rök hníga að því að byggja í Vatnsmýri og stjórnmalámennt ættu að fylgja niðurstöðum Rögnunefndar. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sagði í þessu blaði hinn 11. nóvember sl. að Icelandair Group væri fylgjandi því að skoða Hvassahraun sem stað fyrir innanlandsflugúð eins og Rögnunefndin lagði til. „Verði það niðurstaðan að Reykjavíkurlugvöllur viki þá hefur verið sýnt fram á þjóðhagslega hagkvæmni þess að byggja upp í Hvassahrauni,“ sagði Björgólfur.

Meirihluti kaus með því að Reykjavíkurlugvöllur færi úr Vatnsmýri eftir árið 2016 í atkvæðagreiðslu 17. mars 2001. Aðeins 37 prósent mættu á kjörstað og því var niðurstaðan ekki bindandi. Öll rök hníga hins vegar að því að loka flugvöllinum. Rögnunefndin komst að þeirri niðurstöðu að Hvassahraun væri besti kosturinn fyrir innanlands- og millilandaflug. Á þessu ári stendur til að fjárfesta fyrir 20 milljarða króna til að stækka Leifsstöð. Þessi fjárfesting er nauðsynleg til að mæta auknum straumi ferðamanna strax í dag. Samhliða henni þarf hins vegar að skoða til hlítar alla valkosti fyrir framtíð flugsins.

Fram kemur í greiningu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á alhliða flugvelli í Hvassahrauni að heildarabati af uppbyggingu flugvallar þar sé 82-123 milljarðar króna. Niðurstaða Hagfræðistofnunar er að samlegðaráhrif innanlands- og millilandaflugs yrðu til bóta fyrir þjóðina. Í raun má Hvassahraunflugvöllur vera 82-123 milljörðum dýrari en allur kostnaður vegna Keflavíkurlugvallar og Reykjavíkurlugvallar, áður en bygging flugvallar í Hvassahrauni verður þjóðhagslega óhagkvæm fjárfesting. Í sömu greiningu kemur fram að ábati af uppbyggingu Vatnsmýrar sé metinn á bilinu 52-73 milljarðar króna.

Á síðustu öld voru gerð meiriháttar skipulagsmistök í Reykjavík. Mistökín fólust í því að byggja upp úthverfi og teygja borgina lengra í stað þess að þetta hana. Þetta gerir það að verkum að borgin minnir meira á safn litilla bæja en eiginlega borg.

Lýðheilsusjónarmið og peningaleg sjónarmið mæla með þéttingu byggðar. Núverandi meirihluti í borginni hefur ráðist í metnaðarfullt verkefni sem felst í að loka „sárum“ og þetta byggð innan borgarmarkanna. Þetta mun auka lífsgæði íbúa Reykjavíkur mikið og gera Reykjavík að betri og fallegri borg. Vatnsmýri er eitt risastórt sár innan borgarmarkanna og vera flugvallarinn þar er fullkomin tímaskekkja. Það væri mjög óskynsamlegt að byggja ekki í Vatnsmýri enda er Vatnsmýri eiginleg auðmýri og menningarmýri. Ungt fólk vill búa í borgum, ekki úthverfum, og vill geta reitt sig á aðra samgönguvalkosti en einkabilinn enda eru almenningsamgöngur í uppsveflu. Þessi þróun sést víða um heim. Fólk vill búa nálægt hvert öðru. Bílar menga og eru ekkert sérstaklega töff. Það er hins vegar töff að rækta líkamann og stunda heilbrigðan lífsstíl.

Að þessu sögðu er mikilvægt að stjórnmála- og kaup-sýslumenn standi við fyrri yfirlýsingar, hætti að vera með-virkir með pópúlístum landsbyggðarinnar og hefji áætlun um flutning innanlandsflugsins úr Vatnsmýri. Það græða allir á því, Reykvikingar og íbúar landsbyggðarinnar.



Vatnsmýri er eitt risastórt sár innan borgarmarkanna og vera flugvallarinn þar er fullkomin tímaskekkja.

## Halldór



## Frá degi til dags

## Björgun Thors

„Vil ég koma að því að hjálpa til að koma Íslandi úr þessum ógöngum? Já. Get ég komið með peninga inn í kerfið núna? Nei,“ sagði Björgólfur Thor í fréttapættinum Kompás í október 2008. Tilefnið var hrúnið og möguleg ábyrgð hans á því. Rúmum átta árum síðar situr Björgólfur á lista ríkustu manna heims og fer upp um 294 sæti á milli ára. Auðæfi hans eru metin á 206 milljarða króna. Kári Stefáns-son stendur nú fyrir undirskrifta-söfnuninni Endurreisn um auknið fé í heilbrigðiskerfið. Er þetta ekki kjörð tækifæri fyrir Björgólf að stiga fram, opna budduna og gefa smotteri til góðgerðarmála? Er ekki endurreisn andstæðan við hrun?

## Alþýðukarlar

Alþýðuflokkurinn fagnar um þessar mundir 100 ára afmæli sínu. Flokkurinn hefur raunar ekki verið til síðan hann sameinaðist öðrum í Samfylkingunni fyrir 16 árum, en það stoppar menn ekki í því að blása til veglegrar dagskrár. Í tilefni hátíðahaldanna verða haldnir átta fyrirlestrar af átta málsmetandi körlum en engri konu. Það er svona álíka nútímalagt og Alþýðuflokkurinn. Jóhanna Sigurðardóttir sagði eftirminni-lega: „Minn tími mun koma.“ Þegar hún tapaði formannskjöri Alþýðuflokksins á sínum tíma – en miðað við afmælishátíðina er hennar tími ekki enn runninn upp. Kannski eftir önnur 100 ár. snaeros@frettabladid.is

## Samningarnir fara fyrir Alþingi, segir ráðherra



Valgerður Bjarnadóttir, alþingismaður.

Í viðtali við Morgunblaðið um búvörusamninga sagði forsætisráðherra á dögunum: „Það er búið að undirrita þessa samninga, og málið er frá.“ Þess vegna er það fagnadarefni að fjármálaráðherra sagði í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi þann 29. febrúar að samningarnir yrðu lagðir fyrir Alþingi.

Orðrétt voru orð fjármálaráðherrans þessi: „Fyrst varðandi samráð við þingið þá veit þingmaðurinn auðvitað að þessir samningar eru gerðir með fyrirvara um samþykki Alþingis og þeir verða lagðir hér fyrir og ræddir á Alþingi.“

Samningarnir eru fráleitir, sagt er að með þeim verði kvótakerfi í mjólkuriðnaði afnumið. Það á að gera eftir fimm ár en áður en til þess kemur á að endurskoða samninginn svo það er ekkert í hendi um að þessi breyting verði.

Ég er ekki á móti stuðningi við bændur, ég tel að við eigum að verja fjármunum til að halda landinu í byggð. En það skiptir máli hvaða aðferðum er beitt og það skiptir máli hve miklum fjármunum við verjum til þess arna.

Það er bjargföst skoðun mín að það er beinlínis fánlegt að hækka nú fjárfraðlög sem fara í stuðning við bændur. Við höfum annað við 900 milljónir á ári að gera en að bæta þeim við styrkjaupphæð til landbúnaðar. Við eigum þvert á móti að gera áætlun um að draga úr styrkjum og koma á samkeppni í afurðasölu. Við eigum að afnema tollvernd og auka þannig við samkeppni á markaði.

Sannleikurinn er sá að þetta er framsóknarsamningur gerður á milli framsóknarmanna í bakherbergjum. Það sem verra er, skynsamari framsóknarmenn lútu í lægra haldi fyrir þeim óbilgjarnari.

Samráð hefur ekkert verið, en nú hefur fjármálaráðherra staðfest að samningurinn verði lagður fyrir Alþingi og ræddur þar. Því ber að fagna.



Ég er ekki á móti stuðningi við bændur, ég tel að við eigum að verja fjármunum til að halda landinu í byggð.



## AÐALFUNDUR

Brú félag stjórnenda heldur aðalfund sinn mánudaginn 14. mars 2016 kl. 19:00 í húsnæði félagsins að Skipholti 50d.

## Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundastörf • Kosningar til stjórnar

## Kosið skal um:

- Formann til eins árs • Varaformann • Ritara • Gjaldkera
- Einn varamann • Nefndir • Skoðunarmenn reikninga.

Félagar fjölmennum !!

Stjórnin.



# Samningar til 99 ára?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason  
prófessor

Getur Alþingi skuldbundið skattgreiðendur fyrir hönd ríkissjóðs 10 ár fram í tímann til að standa straum af nýjum búvörusamningi við bændur? Svarið við spurningunni blasir við ef við breytum henni lítillega: Getur Alþingi skuldbundið skattgreiðendur 99 ár fram í tímann til að standa straum af nýjum búvörusamningi? Allir sjá í hendi sér að svo er ekki. Lögin leyfa það ekki. Stjórnarskráin leyfir það ekki heldur því þar stendur: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárukalögum.“ Alþingi getur ekki skuldbundið skattgreiðendur lengur en eitt ár í senn þar eð fjárlög eru afgreidd á Alþingi til eins árs í senn.

Ríkisstjórnin getur ekki gert búvörusamning við bændur til 99 ára þar eð slíkur samningur fæli í sér umboðssvik í skilningi laga. Umboðssvik heitir það þegar einn leggur skuldbindingu á annan án þess að sá sem skuldbindingin er lögð á fái rönd við reist eða sé hafður með í ráðum. Því er aðeins stigsmunur og enginn eðlismunur á búvörusamningi til 10 ára og til 99 ára. Hæstiréttur hefur að undanfögnu fellt marga sektardóma í umboðssvikamálum.

Kjarni umboðssvikaákvæðisins er að menn geta aðeins skuldbundið sjálfa sig eða umboðendur sína, en ekki aðra. Alþingi getur því aðeins skuldbundið ríkissjóð, þ.e. skattgreiðendur, til eins árs í senn eða í lengsta lagi fram að næstu kosningum, en ekki lengur. Nýtt þing getur ævinlega snúið við ákvörðunum fyrra þings og hnekk

lögum þaðan. Þetta á einnig við um búvörusamninga langt fram í tímann. Alþingi getur einnig rift samningi sem það hefur gert innan kjörtímabils, en þá bakar það skattgreiðendum bótaskyldu líkt og við samningsrof milli einkaaðila. Þannig myndu dómstólar væntanlega líta á málið, a.m.k. Hæstiréttur sem hefur nýlega snúið við sýknudómi undirrétta í umboðssvikamáli.

## Bindandi?

Stjórnmalámennt hafa sumir haldið því að kjósendum að hægt sé að gera bindandi samninga til langs tíma líkt og búvörusamninginn. Hugsun þeirra virðist vera að slíkur samningur sé bindandi í þeim skilningi að riftun hans af hálfu nýs Alþingis myndi baka ríkinu bótaskyldu. Svo er þó ekki. Bótaskylda getur ekki verið yfirfærarleg. Einn getur ekki samið við annan upp á þau býti að samningsrof leggi bótaskyldu á þriðja aðila, þ.e. skattgreiðendur framtíðarinnar fyrir hönd ríkissjóðs.

Vitað er að stjórnmalámennt hafa haft í hyggju að úthluta aflaheimildum til útvegsfyrirtækja til langs tíma í senn og reyna með því móti að binda hendur Alþingis langt fram í tímann. Frumvarp í þessa veru hefur verið kynnt á Alþingi. Sama hugsun virðist búa að baki þessum fyrirætlunum og að baki búvörusamningsins. Hugmyndin er að binda hendur löggjafans með því að baka skattgreiðendum bótaskyldu ef löggjafanum snýst hugur.

Alþingi hlýtur þó ævinlega að áskilja sér rétt fyrir hönd kjósenda til að setja landinu lög og gera samninga innan



Ríkið styrkir einkum sauðfjárrækt og mjólkuriðnað með beinum fjárframlögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

þeirra marka sem stjórnarskráin setur. Þannig gæti Alþingi t.d. ekki gert samning um aðild Íslands að alþjóðasamtökum sem Ísland ætti ekki afturkvæmt úr. Hér mætti e.t.v. líta svo á að um umboðssvik væri að tefla í skilningi laga þar eð umboðssvik eru ekki bundin við yfirfærslu fjárskuldbindinga. Hugsunin er í öllu falli hin sama í báðum dæmum. Löggjaf annarra landa rímar við þessa hugsun. Grænland gekk úr ESB 1985. Bretar munu greiða atkvæði í júní um hvort þeir ætla sér að vera áfram í ESB eða ganga út.

## Grugg eða gegnsæi?

Láti Alþingi af því verða að staðfesta nýjan búvörusamning til 10 ára þarf að láta reyna á lögmæti hans fyrir dómstólum í ljósi þeirra sjónarmiða sem lýst er að framan. Neytendasam-

tökin eða Samtök skattgreiðenda gætu höfðað slíkt dómsmál sem aðilar máls.

Með líku lagi hlýtur að koma til álita að endurskoða t.d. fyrri ákvörðun Alþingis um að leyna áratugi fram í tímann gögnum um hrúnið sem rannsóknarnefnd Alþingis aflaði og kaus að birta ekki í skýrslu sinni 2010. Þessi gögn kunna samt að eiga erindi við almenning, t.d. upplýsingar um lán föllnu bankanna til stjórnmalámennta og annarra. Nýtt Alþingi getur snúið við fyrri ákvörðun Alþingis um meðferð þessara upplýsinga í samræmi við þau sjónarmið sem lýst er að framan. Lýðræðisríki leyfist ekki að leggja fjárskuldbindingar og aðrar kvaðir, t.d. óhóflega upplýsingaleynd, á fólk sem fær ekki rönd við reist. Almannahagur hlýtur að koma til álita ásamt persónuverndarsjónarmiðum.



Láti Alþingi af því verða að staðfesta nýjan búvörusamning til 10 ára þarf að láta reyna á lögmæti hans fyrir dómstólum.

**VERKSMIÐJU**  
**ÚTSALA**  
ÁRMÚLA 31 - VIÐ HLIÐINA Á INNRÉTTINGAR OG TÆKI

**40-70%**  
**AFSLÁTTUR**

**VERKSMIÐJUÚTSALA VERÐUR HJÁ VARMA DAGANA 3-5 MARS**

OPIÐ: FIMMTUD. OG FÖSTUD. KL. 17-19  
LAUGARD. KL. 12-15

LÍTÍÐ ÚTLITSGALLAÐAR VÖRUR ÁSAMT VÖRUM SEM HÆTTAR ERU Í FRAMLEIÐSU.

EINNIG RENNILÁSAR, EFNISBÚTAR OG TVINNAR.

**VARMA**  
*The Warmth of Iceland*  
[WWW.VARMA.IS](http://WWW.VARMA.IS)

# Þýskir flóttamenn í Danmörku í lok seinna stríðs



**G. Jökull Gíslason**  
stundakennari  
við Endurmenntun Háskóla Íslands

Í nýútkominni bók Ragnhildar Thorlacius um Brynhildi Georgíu Björnsson er áhugavert umfjöllun um stöðu þýskra flóttamanna í Danmörku. Brynhildur lendir í því að þýskt barn deyr í höndum hennar þegar það fær ekki lækniástoð og markar það mjög afstöðu hennar gegn Dönum.

Á síðustu mánuðum seinni heimsstyrjaldarinnar flúðu mjög margir Þjóðverjar undan sókn Rauða hersins. Um 250.000 flóttamenn fóru til Danmerkur sem var

þá enn hernum af Þjóðverjum. Þýsk yfirvöld gáfu þessum flóttamönnum forréttindastöðu í Danmörku sem skapaði andúð í þeirra garð hjá Dönum. Þeim var komið fyrir í skólum, samkomuhúsum og fyrirtækjum þar sem var pláss. Ólíkt því sem er í dag þá voru þetta mestmegnis ungmenni, gamalmenni og konur. Mjög margir voru aðframskyrnir enda mikill skortur á nauðsynjum í lok stríðsins.

Þetta gerðist á sama tíma og þúsundir Dana voru sendar í fanga- og útrýmingarþingir í Þýskalandi og það litadi enn frekar afstöðu Dana til þessara flóttamanna.

## Skorti flestar lífsnauðsynjar

Í lok apríl höfðu þýsk yfirvöld ekki lengur stjórn á stöðunni og flóttamennina skorti flestar lífsnauðsynjar eins og mat og lækniþjónustu. Lík voru ekki grafin en söfnuðust

upp í kjöllurum og vöruhúsum.

Við uppgjöf Þjóðverja tóku dönsk yfirvöld við umsjá flóttamannanna og dreifðu þeim í minni hópa og notuðu meðal annars herbúðir sem Þjóðverjar höfðu byggt. Oft voru settar girðingar til að halda flóttamönnum inni til að koma í veg fyrir að þeir hefðu samneyti við Dani. Í flestum búðanna var hvorki til nægur matur né lækniástoð. Sérstaklega til að byrja með.

Ástandið var verst rétt fyrir og eftir uppgjöf Þjóðverja. Danskir lækirinn og sagnfræðingurinn Kirsten Lylloff hefur sýnt fram á að bæði danskir lækir og danskir Rauði krossinn synjuðu þýsku flóttamönnum um aðstoð. Þar réð miklu afstaða Dana til Þjóðverja en það var líka vegna skorts á sjúkragögnum og þess að meðal flóttamannanna brutust út far-sóttir sem verið var að sporna við að



**Danskir lækirinn og sagnfræðingurinn Kirsten Lylloff hefur sýnt fram á að bæði danskir lækir og danskir Rauði krossinn synjuðu þýsku flóttamönnum um aðstoð. Þar réð miklu afstaða Dana til Þjóðverja en það var líka vegna skorts á sjúkragögnum.**

næðu meiri dreifingu í Danmörku. Árið 1945 er talið að um 13.000 þýskir flóttamenn hafi dáið, þar af 7.000 börn yngri en 5 ára.

Breska hernámliðið sem kom til Danmerkur tók síðan þá ákvörðun að þýsku flóttamennirnir þyrftu að vera áfram í Danmörku um skeið þar til að ástandið í Þýskalandi yrði stöðugra. Flóttamennirnir voru sendir heim til Þýskalands frá nóvember 1946 til febrúar 1949. Þýsk yfirvöld greiddu Dönum að lokum 160 milljónir danskra króna fyrir aðstoð við flóttamennina á árunum 1953 til 1958.

Hafa verður í huga við þessa lesningu að þegar þetta gerist þá er Danmörk búin að vera hernum af Þjóðverjum í fimm ár og litadi það mjög afstöðu Dana. En það er líka áhugavert að skoða í samhengi við þá flóttamenn sem í dag koma til Evrópu frá fjarlægari löndum.

# Stöndum vörð um grundvöll rammaáætlunar



**Tryggvi Felixson**  
Starfaði við gerð 1. áfanga rammaáætlunar

Orkumálastjóri segir í grein í Fréttablaðinu 27. febrúar 2016, að í rammaáætlun þurfi í mörgum tilfellum að endurvinnna fyrri mat á virkjunarkostum í verndarflokki út frá nákvæmari skilgreiningu á svæðismörkum. Þessi fullyrðing hans stenst ekki því í skýringum við lög um rammaáætlun er tekið fram að virkjunarsvæði í vatnsafla miðist við allt vatnasvið fallvatns ofan þeirrar virkjunar sem nýtir fallið og farveg fallvatnsins neðan virkjunar. Hugmyndir um að það dugi að breyta útlinum virkjunarhugmynda í verndarflokki lítillaga, eins og t.d. Norðlingaölduveitu, og kalla þær nýju nafni eru því ekki gjaldgengar.

Rammaáætlun byggir á því að skoða margar tillögur um virkjanir samtímis og draga í þrjá dilka; landsvæði sem vænlegt væri að virkja (nýtingarflokk), svæði sem sköða þyrfti betur (biðflokk) og svæði sem heilladrýgst er að hlífa við virkjunarframkvæmdum (verndarflokk). Þær leikreglur sem Alþingi setti um rammaáætlun með lögum kveða skýrt á um að hefja skuli undirbúning á friðlýsingu landsvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Þessu ákvæði laganna hefur umhverfisráðherra ekki sinnt sem skyldi.

Markmið rammaáætlunar er að ná sem víðtækastri sátt um landnýtingu með víðtæku samráði, opnu matsferli og greiningu hæfustu sérfræðinga. Það var grundvallaratriði að svæði sem færu í verndarflokk yrðu ekki tilefni til frekari átaka gagnvart virkjunarformum; og að næsta stig í umfjöllun um þessi svæði yrði tillaga að verndun þeirra.

Þessu vill orkumálastjóri nú breyta orkugeiranum í hag. Gangi

áform hans og Landsvirkjunar eftir yrði grundvelli rammaáætlunar raskað til ónýtis! Löggjafinn vitandi vits vildi ekki hleypa Orkustofnun að svæðum sem hann jafnframt hafði falið umhverfis- og auðlindaráðherra að undirbúa fyrir friðlýsingu. Hefði Alþingi valið þá leið sem orkumálastjóri lýsir eftir, hefði löggjafinn skapað mikla óvissu um friðlýsingarferlið og um leið stofnað til meiri vanda en hann var að reyna að leysa.

Að heimila, Orkustofnun, opinberri stjórnslustofnun, að eftir hentugleika leggja fram tillögur að virkjunum á svæðum sem löggjafarvaldið hefur áður ákveðið að beri friðlýsa, stenst hvorki lög né góða stjórnsluhætti.

Að lokum, mikla furðu vekur að orkumálastjóri skuli leyfa sér að ráðast á verkefnisstjórn rammaáætlunar með órókstuddum ásökunum um að þar fari fámenn líka sem framið hafi valdarán. Slíkur málflokkur skadar trúverðugleika þeirrar mikilvægu stofnunar sem hann fer fyrir.

# Af hljóði



**Ólafur Hjálmarsson**  
verkfræðingur



**Reynslan sýnir að góð hljóðvist og þær aðgerðir sem gripa þarf til þurfa ekki að kosta nema örfá prósent af byggingarkostnaði sé hugað að þeim strax í upphafi.**

Það er ánægjulegt að verða vitni að vitundarvakningu um áhrif hljóðs og hávaða á lífsgæði hér á landi. Við getum gert betur. Enn þann dag í dag er verið að gera mistök sem vonduð ráðgjöf gæti komið í veg fyrir með tiltölulega litlum tilkostnaði.

Hljóðfræði (e. acoustics) er því miður ekki kennd svo nokkru nemi við háskóla landsins. Því verður að breyta. Það eru verulegir hagsmunir í húfi fyrir íslenskt samfélag að tryggja lágmarksþekkingu á þessu fræðasviði eins og öðrum. Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) hefur með sívaxandi þunga allar götur frá árinu 1980 verið að benda á mikilvægi góðrar hljóðvistar fyrir heilsu okkar og líðan. Á Norðurlöndum hafa menn af því áhyggjur að skortur verði á fagfólki með hljóðmenntun á komandi árum. Þar gera háskólarinnir þó talsvert betur en hér á landi.

Átak sveitarfélaga til að bæta hljóðvist í leik- og grunnskólum og allt of hljómmiklum íþróttasölum er mjög ánægjulegt. Heyrnarskerðing er útbreiddur atvinnusjúkdómur meðal kennara. Nokkuð hefur verið rætt um raddheilsu þeirra upp á síðkastið. Af þeim sökum vill bera við að gerðar séu óraunhæfar kröfur til hljóðhönnunar skólahúsnæðis. Umræðan vekur spurningar um hvort verðandi kennarar fái næga raddþjálfun í náminu.

Stór opin kennslurými sem nú tíðkast, þar sem börnin eru í sjálfstæðri vinnu á sinni vinnustöð eins og í atvinnulífinu, kalla á nýja kennsluhætti. Í þannig rýmum, sem verða að vera mjög hljóðdeyfð til þess að halda hljóðstigi frá starfi barnanna í skeffjum, er óskynsamlegt að reyna að ná til allra barnanna í einu á sinni vinnustöð. Skynsamlegra er að kennari kalli börnin til sín og hafi þau sem næst sér við fyrirlestra. Það léttir verulega álagi á röddina.

Sama á við um íþróttakennara. Það er ekkert vit í því að reyna með órafmagnaðri röddu að reyna að ná enda á milli í íþróttasölum. Með flautu geta íþróttakennarar kallað börnin til sín, til þess að gefa þeim fyrirsmæli; ef tala á við öll börnin í einu.

Bandarísku hljóðfræðisamtökin (Acoustical Society of America) hafa fremur mælt gegn notkun

hljóðkerfa í kennslu nema þá fyrir heyrnarskert börn. Þá er samskiptaleiðin frá kennara til nemenda rafmögnum á meðan tjáskiptin frá nemanda til kennara og á milli nemenda eru það ekki og því hætta á að þau séu bæld niður. Það getur vart talist gott kennsluumhverfi.

## Varanlegt heilsutjón

Háværu tónleikarnir, skemmtistaðirnir og veitingastaðirnir eru nokkurt áhyggjuefni. Þar þarf að bæta mæliaðferðir eftirlitsaðila og herða reglur. Heyrnin er í húfi. Heyrnarfrumur sem deyja vegna of mikils álags endurnýja sig ekki. Varanlegt heilsutjón verður sem erfitt getur reynt að átta sig á fyrr en skadinn er skeður. Skert heyrn er veruleg fötlun eins og þeir vita sem reynt hafa. Hlutfall heyrnarskertra fer stöðugt vaxandi hér á landi. Við skotveiðar ættu menn ætíð af hafa fullnægjandi heyrnarsvörn.

Mikil framför hefur orðið í reglugerðum og hljóðstöðlum á nýliðnum árum. Því ber að fagna. Fyrir nýbyggingar eru skilgreindar lágmarkskröfur (flokkur C) og gæðaflokkar (flokkar A og B) vilji menn gera betur en skyldan býður. Í nokkrum verkum í Noregi er einungis í einu verki hér á landi hefur greinarhöfundur verið bedinn að uppfylla flokk B í hljóðhönnun. Það var eigandi Sigló hótels á Siglufirði sem hugsaði svo stórt. Vonandi fylgja fleiri í kjölfarið.

Reynslan sýnir að góð hljóðvist og þær aðgerðir sem gripa þarf til þurfa ekki að kosta nema örfá prósent af byggingarkostnaði sé hugað að þeim strax í upphafi. Sem dæmi má nefna að í höfuðstöðvum Íslenskrar erfðagreiningar sem kostuðu uppkomnar um 3 milljarða króna á sínum tíma var kostnaður við hljóðaðgerðir einungis um 30 milljónir króna eða um 1% af stofnkostnaði. Þessu fé er vel varið og það skilar sér margfalt í bættu vinnuumhverfi, betri líðan og afköstum nemenda og starfsfólks.

# Kreppa og kratafár



**Þorvaldur Þorvaldsson**  
trésmiður og formaður Alþjóðfylkingarinnar



**Sjálfgagnrýni Árna Páls er því ekki einkamál Samfylkingarinnar heldur snertir hún alla samfélagsgagnrýni frá vinstri.**

verður líka að fara dýpra og segja t.d. hvernig hefði átt að taka sér stöðu með fólki gegn fjármálakerfi. Hefði það t.d. falið í sér að reka bankana á félagslegum forsendum og taka á röt skuldavandans með því að lækka vexti húsnæðislánanna niður í næstum ekkert, í stað þess að afhenda bankana svokölluðum kröfuhöfum til að blóðmjólka fólkið og reka þúsundir þeirra fátækustu út á götu?

Vinstristefna snýst nefnilega ekki um það hve mikið betlifé má klípa út úr auðvaldinu á hverjum tíma heldur að breyta aðferðunum við að skipta gæðum samfélagsins. Það hafa aftur á móti flokkar sem kenna sig við sósíaldemókrati viðast hvar ekki þorað eða viljað. Þess í stað hafa þeir tekið að sér að velta afleiðingum kreppunnar yfir á fátæka alþýðu og tryggja að auðstéttin haldi fengnum hlut. Það er í stuttu máli innihaldið í stefnu ríkisstjórnar Samfylkingar og VG fyrir fáum árum og það sama er upp á teningnum í mörgum löndum.

Víðast hafa þessir flokkar gildið fyrir með miklu fylgistapi en þar með er ekki öll sagan sögð. Þetta kemur líka niður á heiðarlegum vinstriflokkum, sem af fullri alvöru berjast gegn alræði auðstéttarinnar og fyrir breyttu samfélagi. Vonbrigði með meinta vinstriflokka geta líka ýtt undir hvers konar fasistaflokka og aðra lýðskrumsflokka sem þrífast á glundroða, óvissu og upplausn.

## Ekki einkamál Samfylkingarinnar

Sjálfgagnrýni Árna Páls er því ekki einkamál Samfylkingarinnar heldur snertir hún alla samfélagsgagnrýni frá vinstri. Auk þess beinist gagnrýnin ekki síður að samstarfsflokknum, VG. Ef einhver er heima á þeim bæ væri auðvitað sérstök ástæða til að heyra viðbrögð þeirra við þessari gagnrýni. En athygli vekur að tittneft hef hefur ekki fengið mikil viðbrögð hjá forystumönnum annarra flokka þó að boðskapur þess þyki tíðindum sæta fyrir áráði. Það á eftir að koma í ljós hvort það var skrifad af hugrekki eða í nauðvörn til að bjarga eigin skinni. Einnig á eftir að koma í ljós hvort umræðan verður málefnaleg eða snýst eingöngu um hugsanlegan eftirmann. Þegar allt um þryttur má vísu til ummæla Óttars Proppé um áhuga fyrir R-lista ævintýri. Kannski verður R-listinn eina svarið.

## Hvað er vinstristefna?

Ef Árni Páll ætlar að vera marktækur í sínu uppgjöri verður hann að útskýra hvers vegna ekki var hlustað á gagnrýni af þessum sama toga þegar ríkisstjórnin var að störfum og ákvarðanir voru teknar. Hann

# KRONAN - fyrst og fremst ódýr!

**25% afsláttur**

**5999** kr. kg

Verð áður ~~7999~~ kr. kg

Ungnautalúnd, Ísland

**25% afsláttur**

**2899** kr. kg

Verð áður ~~3875~~ kr. kg

Ungnauta innralæri, Ísland

## Íslensk nautakjötsveisla

**20% afsláttur**

**4799** kr. kg

Verð áður ~~5999~~ kr. kg

Ungnauta Rib Eye, Ísland

**22% afsláttur**

**2299** kr. kg

Verð áður ~~2959~~ kr. kg

Ungnautasnitset og ungnautagúllas, Ísland

**21% afsláttur**

**4079** kr. kg

Verð áður ~~5199~~ kr. kg

Ungnautafille, Ísland

**499** kr. stk.

Krónu Bernaisesósa 270ml



**499** kr. pk.

Gestus krullufranskar 600g



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvilla og/öðra myndbreytingu.

100%  
Hreint ungnautahakk  
Engin aukaefni

2x90g

399 kr. pk.

Verð áður ~~449~~ kr. pk.  
Ungnauta hamborgari 2x90g, Ísland

## Alvöru gæða hamborgarar

2x120g

549 kr. pk.

Verð áður ~~599~~ kr. pk.  
Ungnauta steikarborgari 2x120g, Ísland

30%  
afsláttur

179 kr. pk.

Verð áður ~~258~~ kr. pk.  
Tommies tómatar 250g, Spánn

549 kr. pk.

Holt & Gott lífrænt veislusalat 100g, Bandaríkin

4x2 lítrar

RÍSEGG með rískúlum

Coca-Cola

Coca-Cola light

Freyju Rísegg og kippa af Kók

á meðan birgðir endast

1399 kr.

\*4x2l af Coke eða Coke Light og 1xFreyju Rísegg nr.4

## BURSTAR SKÓ VIÐ LJÚFA TÓNA

Breskur klassískur herra-fatastíll einkennir klæðnað  
**Ívars Vincents Smárásonar** stjórn málafræðinema.  
Föt þurfa að endast vel að hans mati og skór eru  
sérstakt áhugasvið hans.



Ívar Vincent klæðist hér skyrtu frá Stenströms og gallabuxum frá Hugo Boss. MYND/ERNIR



Flottar yfirhafnir fyrir  
flottar konur

My Style  
Stærðir 38-52  
tiskuhús

mystyle f  
Bæjarlind 1-3  
201 Kópavogur  
s: 571-5464

Three women are shown wearing different styles of dresses and tops. The woman on the left is wearing a patterned top and jeans, the woman in the middle is wearing a dark blue dress with a white lace top, and the woman on the right is wearing a white top with a floral pattern and white pants. They are all looking towards the camera.

Glæsilegur  
fatnaður  
fyrir  
fermingarnar!

hjá  
Hrafnhildi

Bring ideas to life  
VIA University College

en.via.dk



## Kynningardagur í Norræna Húsinu í Reykjavík

HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE Í HORSSENS  
BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN

### Í BOÐI ER:

#### Á ENSKU OG DÖNSKU

- Byggingafræði
- Véltaekni
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði
- Byggingataekni
- Veitutaekni

#### Á ENSKU

- Tölvutaekni
- Framleiðslu-  
taekni
- Útflutnings-  
taekni
- BS í Markaðsfræði

#### Á DÖNSKU

- Véltaekni
- Landmælingar
- Vörubrúun og  
taeknileg sameining
- Aðgangsnámsskeið

Kynningardagur í  
Norræna Húsinu í  
Reykjavík.

Fulltrúi skólans  
Johan Eli Ellendensen,  
verður á Íslandi  
04.03.-11.03., 2016.

Áhugasamir geta  
haft samband í síma  
8458715, eða net-  
fang [jee@via.dk](mailto:jee@via.dk).

Leggið inn skilaboð/  
skrifa og við munum  
hringja/skrifa til  
baka.

VIA University College  
Chr. M. Østergaards Vej 4  
DK-8700 Horsens  
T: +45 8755 0020  
E: [horsens@via.dk](mailto:horsens@via.dk)

7230



Jakkafötin og bindið eru frá Polo Ralph Lauren og skyrtan frá Stenströms. Vasaklúturinn kemur frá Hugo Boss. MYNDIR/ERNIR

» Tískuáhugi Ívars Vincents Smárasonar hófst á menntaskólaárunum og jókst jafnt og þétt næstu árin. Fyrir sex árum hóf hann störf í herrafataverslun samhliða námi en hann segir fastastíll sinn eiga rætur að rekja til klassískrar karlmannstísku og hann hafi um leið mikið dálæti á breskum klassískum herrafatastíll. „Mér finnst miklu máli skipta að fötin sem ég geng í séu úr gæðaeftum og ég reyni að forðast öll efni sem hnökra. Ég vil frekar kaupa klassískar og endingargóðar flíkur í stað þeirra sem eru ódýrar, endast stutt og detta úr tísku á örskotsstundu.“

Ívar er á þriðja ári í stjórn málafræði við Háskóla Íslands auk þess að sitja í stúdentaráði fyrir hönd Röskvu. „Kæran mín, María Árnadóttir, stundar nám í fatahönnun í LHÍ og því eru fót oft en ekki í umræðunni á milli okkar.“

#### GÆÐIN SKIPTA ÖLLU

Eitt sem einkennir tískuáhuga Ívars er mikill áhugi á skóm sem hann notar við ýmis tækifæri. „Það er betra að kaupa eitt par af dýrum skóm sem endast lengur en tvö pör af lélegum skóm. Sjálfur á ég rúmlega tíu pör en hugsa þó mun fremur um gæði en fjöldann. Ég er nær eingöngu í leðursólaskóm við jakkaföt og hef þá vel þússaða. Sé rigning úti þegar ég er í jakkafötum smeygi ég skóhlífum yfir skóna til þess að sólinn blotni ekki. Við gallabuxur og við hversdagslegri tilefni er ég iðulega í brúnum leðurskóm, sér í lagi uppháum þegar illa viðrar og snjór er úti.“

Uppáhaldsflík Ívars þessa stundina er einmitt eitt af skópörum hans. „Þetta er virkilega fallegt par af dökkbrúnum Barker-skóm með leðursóla sem ganga við öll sett af fötum. Skórnir eru handsmíðaðir í Northampton í Englandi og eru hrikalega þægilegir. Engu skiptir hvort ég er í jakkafötum eða hversdagslegri klæðnaði, þeir fullkomna alltaf lúkkjó. Miklu máli skiptir svo að vera með dökkbrúnt belti í stíl.“

#### VASAKLÚTAR OG REGNHLÍF

Það er ekki bara tískan sem heillar Ívar, tónlistin skipar veglegan sess í lífi hans. „Ég hef sjálfur verið í hljómsveitum og hef síðustu ár sungið í kór Langholtskirkju. Undanfarin ár hef ég sankað að mér ótal geisladiskum og vínýlplötum sem ég nýt þess að hlusta á við ólík tækifæri.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.



Ívar elska vandaða skó og á mörg falleg pör sem sjást hér. Uppáhaldið eru Barker-skórnir, fyrir miðju í neðri röð, en þeir voru handsmíðaðir í Englandi.

Þegar ég bursta skóna mína set ég t.d. oft plötu á fóninn og raula með.“

Réttu fylgihlutirnir skipta líka máli. „Ég fer ekki í jakkaföt án þess að setja vasaklút í vasann, það setur einfaldlega punktinn yfir i-ið. Að sama skapi er ég oft í skyrtum með tvöföldum manséttum fyrir ermahnappa þegar ég er í jakkafötum. Þegar rignir dreg ég einnig fram regnhlíf sem

ég keypti í London fyrir nokkrum árum en hún hefur lifað af íslenska veðráttu hingað til.“

Ívar stefnir á framhaldsnám í stjórn málafræði erlendis í nánustu framtíð og vonast til þess að ferðast um heiminn í framhaldinu af því. „Fyrst og fremst vona ég þó að ég geti orðið að liði og haft áhrif, hvar svo sem ég verð niðurkominn í náinni framtíð.“

Ný sending frá magna



Túnikur og Poncho á  
10.900kr.-

Str. 40 - 53  
Fleiri litir í boði

**Ríta**

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, vera@365.is, s. 512 5357 | Sölu menn: **Atli Bergmann**, atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage**, johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

# NÝ SENDING!

Frábært úrval af kjólum, toppum og buxum á góðu verði

# ZIK ZAK

T Í S K U H Ú S





## Nýjar vörur streyma inn

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna



# belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Síðar skyrtur  
12.900 kr.

2 litir: kremhvítt  
og svart.


Stærð 38 - 50.

Opið virka daga kl. 11-18  
Opið laugardaga kl. 11-15

## black pepper

FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516



Klíkið á myndir og verð á Facebook

Heilsuettir fjölskyldunnar

# Hollusturettir

við allra hæfi

Bragðgóðir réttir, fullir af þarflegum næringarefnum.



Ekki sleppa að nota augnblyant, hann lætur augun líta út fyrir að vera meira opin, en betra er að nota frekar brúnan lit í stað þess svarta. NORDIC PHOTOS/GETTY

# ALGENG MISTÖK

Förðun getur látið okkur líta vel út og dregið fram sterkustu hliðar okkar en hún getur líka virkað þveröfugt og látið okkur líta verr út.

Á vefsíðu bandarísku sjónvarpskonunnar Oprah Winfrey, oprah.com, eru tekin saman tíu atriði í förðun sem gætu látið líta út fyrir að viðkomandi sé eldri en hann í raun er.

### MISTÖK 1 Of mikill farði

Farði sest í finar línur og hrukkur og minnkar náttúrulegan ljóma húðarinnar. Notaðu þarðu aðeins til þess að jafna út litamismun og óþarfi er að láta hann þekja hvern blett andlitsins.

### MISTÖK 2 Baugar huldur

Varast ætti að nota of mikinn hyljara á bauga undir augu. Hyljarinn gæti falið skugga undir augum en hann beinir athyglinni einnig að því svæði þar sem þar myndast oft snemma finar línur vegna þess að húðin undir augunum er svo þunn.

### MISTÖK 3 Mjög dökkir varalitir

Dökkar varir virðast vera minni en þær eru þar sem dökkir litir láta yfirleitt allt líta út fyrir að vera minna en það er. Og flestir vilja frekar láta líta út fyrir að vera með stærri varir en minni.

Til þess að gera það ætti því að nota bjartari liti.

### MISTÖK 4 Púðurnotkun

Ung húð ljómar og endurkastar ljósi. Púður kemur í veg fyrir að ljós endurkastast og ýkir hrukkur í húðinni.

### MISTÖK 5 Svartur augnblyantur

Ekki sleppa að nota augnblyant, hann lætur augun líta út fyrir að vera meira opin, en betra er að nota frekar brúnan lit í stað þess svarta. Látið litinn líka dreifa aðeins úr sér en ekki hafa línurnar of breiðar, þá geta augnalokin sýnst þyngri en þau eru.

### MISTÖK 6 Of mikill varablyantur

Ef línur í kringum munninn eru of áberandi gætu varirnar lítið út fyrir að vera strekktar. Ef varablyantur er notaður ætti hann að vera í sama lit og varirnar, ekki varaliturinn.

### MISTÖK 7 Maskari á neðri augnhár

Ef neðri augnhár eru máluð eða augnblyantur settur undir augun gæti það látið húðina í kringum

þau líta út fyrir að vera slappari en hún er og gert bauga meira áberandi.

### MISTÖK 8 Enginn kinnalitur

Rjóðar kinnar gefa líflegra útlit og ef kinnaliturinn er borinn rétt á getur hann gefið smávegis lyftingu. Best er að brosa við speglinum og setja svo kinnaliturinn rétt fyrir ofan mesta holdið, dreifa svo litnum með hringlaga hreyfingu í átt að gagnauganu með stórum bursta.

### MISTÖK 9 Varalitað beint úr stautnum

Útlínur varanna mýkjast með aldrinum og því er algengt að varaliturinn smitist út fyrir. Notið því fingur eða varalitarbursta til að setja varaliturinn á, leggið áherslu á innri hluta varanna og dreifið svo litnum í átt að útlínunum.

### MISTÖK 10 Of dökkur augabrúnalitur

Náttúrulegur litur augabrúnanna lýsist með árunum þannig að sá litur sem kona notar á þrítugsaldri virðist of dökkur á henni þegar hún er komin á sextugsaldurinn. Notið lit sem er örlítið ljósari en sá náttúrulegi.

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Iveco**  
Viðgerðar- og varahlutapjónusta  
**VelRás**  
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**Parketslípun**  
sólpallaslípun | parketlagning  
551 1309 / 690 5115  
golflist@golflist.is | www.golflist.is  
**99% RYKFRITT**  
**Gólf list**  
parketlagning og viðhald

**BLIKK**  
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting  
Heildsala • Smásala  
**Íshúsið ehf**  
Smíðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörin í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

KEYPT  
& SELT

## Til sölu

**Von & Bjargir**  
Hjálpar samtök



Nytjamarcaðir  
Grensásvegi 14, bakhúsi  
og Norðurbrún 2

Opíð virka daga 11-18  
og laugardaga 11-16

Viltu gefa eitthvað? ...við sækjum  
Símar 662 7222 og 578 6262  
Vefverslun: vonogbjargir.is

TIL SÖLU ÚR  
PRENTSMÍÐJU !

2 Hamada prentvélur, einslita og tveggjalita stærð A3, einnig viðarborð og viðarkerrur á hjólum. Uppl. í s. 898 5960

## Óskast keypt

## KAUPUM GULL - JÓN &amp; ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## HEILSA

## Nudd

## TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S. 823 5669 eða 693 0348

## SKÓLAR &amp; NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**  
STARFSMANNABÚSTAÐIR  
FYRIR VERKTAKA,  
LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smíðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

Til leigu góð 2ja herb. íbúð á Reykjavíkurborg í Hafnarfirði. Leiga 140þús per. mán. Tryggingar krafist. Er laus. S. 774 2501 mail: eyvindur@simmet.is

Til leigu 85 fm íbúð á sv. 201 Uppl. í s. 893 3475

## Atvinnuhúsnæði

## AUÐBREKKA - JARÐHÆÐ

Til leigu 400 fermetra jarðhæð við Auðbrekku. Gluggar sem snúa að götu og innkeyrsludyr. Getur nýst sem verslun og fleira.

LeigaRkv@gmail.com eða s. 897 9743

Til leigu ca. 85fm iðnaðarhúsnæði / verslunarh./skrifst. við Dalveg í Kópav. Uppl. í s. 893 3475

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**  
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m<sup>2</sup>. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði



Bæjarbakari í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480

Óskum eftir rútubílstjóra. Uppl. í s. 892 3102 Hópfærðabílar Jónatans

HEILDSALA: Starfsmaður óskast í afgreiðslu o.fl. í heildsölu í Rvk. Þarf að hafa gott vald á íslensku. Umsóknir sendist til thjonustaa@365.is merkt "heildsala"

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel með skóla eða annarri vinnu. Fóst laun og bónusar í boði. Uppl og fyrirpurnir sendist á umsoknir@tmi.is eða í 770-2277

Starfsmann vantar í 50% starf í afgreiðslu og móttöku á fatnaði í fatahreinsun í Reykjavík. Vinnutími 14-18, alla virka daga. Umsóknir og nánari upplýsingar á vinnaibodi@gmail.com

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegum starfsmanni með bílpróf í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið strax störf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

Menn vanir mótaupplættingu og annari útvinnu við byggingar óskast í Keflavík. Uppl. í s. 840 6100 Páll.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

Maður um fertugt óskar eftir að kynast konu milli 30-50 með samband í huga, opin f. öllu. Uppl. í s. 480 9000 skilja eftir símanr. og skilaboð Bjarki.

**Höfuðborg**  
Fasteignasala



Albert B. Úlfarsson  
Löggiltur fasteignasali  
albert@hofudborg.is

## Sörlaskjól 18, 107 Rvk.



OPÍÐ HÚS

## EIGNIN ER TIL SÝNIS SEINNI PART FIMMTUDAGS Í SAMRÁÐI VIÐ FASTEIGNASALA.

Afar vel staðsett 239,2 fm einbýlishús með tvöföldum 42,9 fm samtals 282,1 fm. Möguleiki á aukaíbúð. Teikningar á skrifstofu. Staðsetning sem er sjaldan í boði.

Allar nánari uppl. hjá Alberti í síma 821-0626.

Höfuðborg fasteignasala · Hlíðasmára 2, 6. hæð · 414-4488



## Urðarbrunnur 2-8

2 AF 4 HÚSUM SELD

Falleg og vel skipulögð 212 fm raðhús

Tvær hæðir og fjögur svefnherbergi

Fallegt útsýni og góð nýting á rýmum

Tilbúð til afhendingar, fokhelt

Verð frá: **41,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir  
**Ólafur Finnbogason**  
löggiltur fasteignasali  
sími: 822 2307  
olafur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **569 7000** Lág múla 4 **www.miklaborg.is**  
**MIKLABORG** Óskar R. Hardarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar  
- með þér alla leið -

Stækkun Búrfellsvirkjunar  
Útboð nr. 20212  
Framkvæmdaefirlit

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í framkvæmdaefirlit með byggingarframkvæmdum vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar samkvæmt útboðsgögnum nr. 20212.

## Verkefnið skiptist í eftirfarandi megin verkþætti:

- Eftirlit með greftri um 400 m langs aðrennslisskurðar og inntaksmannvirka.
- Eftirlit með uppsteypu inntaksmannvirkis, spennahúss, aðkomubyggingar og stöðvarhúss sem verður neðanjarðar.
- Eftirlit með greftri tveggja lóðréttra jarðganga, um 120m að lengd.
- Eftirlit með greftri aðkomuganga, tengiganga og stöðvarhúsi neðanjarðar.
- Eftirlit með greftri 450 m frárennslisganga og 2.2 km frárennslisskurðar.
- Eftirlit með slóða og vegagerð.
- Öryggiseftirlit á verkstað.
- Hjúkrunarþjónusta.

Vinna við eftirlitið hefst í maí 2016 og lýkur í september 2018. Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar <http://utbod.lv.is>

Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 þriðjudaginn 12. apríl 2016. Tilboð verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



## FLÓASIGLINGAR

Reykjavíkurborg og Akraneskaupstaður óska eftir rekstraraðila til að taka að sér tilraunaverkefni um beinar siglingar ferju á milli Reykjavíkur og Akraness á tímabilinu maí – september 2016.

Hugmyndir sveitarfélaganna eru þær að á tímabilinu sjái rekstraraðili um reglulegar siglingar með á bilinu 50-100 farþega þrisvar sinnum á dag á milli Akraness og Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að báturinn nái að sigla leiðina á 30-45 mínútum þannig að vel fari um farþega þrátt fyrir sjólag. Ekki er gert ráð fyrir flutningi á vélknúnum farartækjum í þessu verkefni.

Markmið tilraunaverkefnisins er að kanna rekstrargrundvöll reglulegra bátsferða á milli sveitarfélaganna. Rekstraraðili þarf því að gera ráð fyrir því að safna upplýsingum m.a. um samsetningu farþega og aðra tengda rekstrarþætti á fyrirhuguðu samningstímabili. Áhugasömum aðilum verður boðið til viðræðna með það fyrir augum að ná markmiðum tilraunaverkefnisins.

Umsækjendur skulu vera í skilum með opinber gjöld og lífeyrissjóðs gjöld. Umsækjendur skulu hafa bát til umráða sem uppfyllir kröfur laga og reglugerða varðandi farþegaflutning á sjó. Báturinn skal geta tekið barnavagna og reiðhjól.

Umsókn skal senda innkaupadeild Reykjavíkurborgar á netfangið [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is) eigi síðar en **10. mars nk.** ásamt yfirlýsingu frá þar til bærum aðilum um skil á opinberum gjöldum og lífeyrissjóðs gjöldum auk lýsingu á bát þeim sem umsækjandi hefur til umráða. Umsækjendur sem uppfylla skilyrði auglýsingarinnar fá frekari upplýsingar um verkefnið og verður þeim boðið til áframhaldandi viðræðna. Reiknað er með að ákvörðun um val á þjónustuaðila liggi fyrir í mars 2016.

## ÞAD ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR

**LUNDUR**  
FASTEIGNASALA  
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík  
533-1616



Karl Gunnarsson  
lögg. fasteignasali  
s. 898 2102



Kristján P. Arnarsson  
lögg. fasteignasali  
s. 896 1188



Björn Stefánsson  
sölufulltrúi  
s. 698 9056



Unnur Karen  
Karlsdóttir  
s. 848 6352

ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI.  
HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.

Sími 533 1616 • Þjónustusími 891 9916  
[www.lundur.is](http://www.lundur.is) • [lundur@lundur.is](mailto:lundur@lundur.is)

Við erum alltaf við. Ef við erum ekki inni við - þá erum við úti við. Þjónustusíminn er 891 9916

# KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!

**20% afsláttur**



**3989** kr. kg

Verð áður ~~4995~~ kr. kg

Ungnauta Prime Ribs, Ísland

**12% afsláttur**



**2099** kr. kg

Verð áður ~~2389~~ kr. kg

Krónu kjúklingabringur ferskar, Ísland

**16% afsláttur**



**1499** kr. kg

Verð áður ~~1798~~ kr. kg

Ungnautahakk, Ísland



**2195** kr. kg

Krónu kjúklingafille, Ísland

**20% afsláttur**



**439** kr. pk.

Verð áður ~~549~~ kr. pk.

Ferskar döðlur 600g, Íran

**16% afsláttur**



**249** kr. kg.

Verð áður ~~299~~ kr. kg.

Ananas ferskur, Costa Rica



**439** kr. kg

Mangó, Perú



**149** kr. stk.

Kjúklingabaunir 420g



**499** kr. pk.

Graskersfræ 250g



**199** kr. pk.

Spaghetti heilhvæiti 500g



**399** kr. kg

Haframjöl Gróft 1kg



**499** kr. kg

Hrisgrjón brún 1kg



**149** kr. stk.

Rauðar nýrnabaunir 420g



**149** kr. pk.

Hriskókur með salti 100g



**149** kr. stk.

Tómatar hakkaðir 400g



**489** kr. pk.

Múslí m/möndlum og ávöxtum 700g

#### FRÉTTABLAÐIÐ

##### **Snærós Sindradóttir**

Tilnefnd í flokknum Viðtal ársins fyrir viðtal við Einar Zeppelin Hildarson sem árið 2004 varð fyrir morðtilraun af hálfu móður hans en systir hans lést í árásinni.



#### FRÉTTABLAÐIÐ

##### **Viktoría Hermannsdóttir og Kristjana Guðbrandsdóttir**

Tilnefndar í flokknum Umfjöllun ársins fyrir ítarlega umfjöllun um umfang og einkenni mansals á Íslandi og bresti í aðgerðáætlun stjórnvalda.

#### **vísir.is**

##### **Kolbeinn Tumi Daðason**

Tilnefndur í flokknum Rannsóknarblaðamenska ársins fyrir uppljóstrandi umfjöllun um spillingu innan fíkniefnadeildar lögreglunnar.

### 3 tilnefningar til Blaðamannaverðlauna Íslands


# VEL AF SÉR VIKIÐ!

Við erum afar stolt af því fagfólki sem starfar á fréttastofu 365 og óskum þeim sem hlutu tilnefningar til Blaðamannaverðlauna fyrir árið 2015 innilega til hamingju. Tilnefningarnar eru viðurkenning fyrir okkur öll og hvatning til að gera enn betur við að flytja landsmönnum ítarlegar og vandaðar fréttir.

# 365

FRÉTTASTOFA

# Eru lífeyrissjóðirnir of stórir fyrir Ísland?



Ásgeir Jónsson  
hagfræðingur

Eftir lok seinni heimsstyrjaldar tók fæðingartíðni kipp um allan hin vestræna heim. Þessi uppsveifla stóð í 18 ár – eða á milli 1946 og 1964 – og þau elstu af þessari kynslóð eiga því sjötugsafmæli á þessu ári. Þetta er stór og merkileg kynslóð sem m.a. neitaði að klippa á sér hárið og er talin hafa fundið upp poppmenninguna – en það er önnur saga. Í efnahagslegu samhengi skiptir máli að eftirstríðskynslóðin er rétt að komast á eftirlaunaaldur. Í flestum vestrænum löndum mun eftirlaunatakan verða gríðarleg fjárhagsleg byrði fyrir börn og barnabörn þessar kynslóðar. Ástæðan er sú að víðast hvar er lífeyrir fjármagnaður með beinni skattheimtu á vinnandi fólk. Þegar eftirlaunabegum fjölga samtímis því að fólki fækkar á vinnu-markaði er aðeins hægt að bregðast við með niðurskurði ríkisútgjalda samhliða miklum skattahækkunum. Og það er nú brátt að fara gerast.

Samkvæmt mannfjöldaspám OECD mun eftirlaunabegum fjölga hlutfallslega hráðar hérlendis á næstu 10-20 árum en í nokkru öðru Evrópulandi. Það liggur því fyrir að ef lífeyrir væri fjármagnaður með skattlagningu hefði þurft að hækka skatta verulega á næstu árum til þess að tryggja eftirstríðsbörnunum áhyggjulaust ævkvöld. Þess þarf ekki hér. Ísland er svo gæfusamt að hafa lífeyriskerfi

sem byggir á sparnaði og íslenska eftirstríðskynslóðin hefur sjálf sparað fyrir sínum eftirlaunum.

Þess vegna hljómar það eins og furðuleg ófugmæli þegar rætt er um stærð lífeyrissjóða sem þjóðhagslegt vandamál. Stærðin er beinlínis afleiðing af ungum aldri þjóðarinnar – sem sést best af því að helmingur landsmanna er yngri en 34 ára. Af því leiðir að tiltölulega margir eru á vinnuvaldi og greiða lífeyrisiðgjöld en tiltölulega fáir á eftirlaunaaldri og þiggja lífeyri. Lífeyrissjóðirnir áttu 3.270 milljarða við síðustu áramót – eða um 10 milljónir á hvern Íslending – og það sýnir að kerfið er að virka nákvæmlega eins og því var ætlað og nægur sparnaður sé til staðar til þess að tryggja að fyrirsjáanleg öldrun þjóðarinnar verði ekki efnahagslegt vandamál. En það hangir miklu meira á spýtnni. Lífeyriskerfið hefur gegnt lykilhlutverki í því að efla sparnað hlérendis á síðustu áratugum og verið lykilmáttur í fjármögnun fjármögnun ríkissjóðs sem og húsnæðislána. Raunar er það svo að uppsöfnun lífeyriseigna hefur fært landsmönnum gríðarlegan ábata með lækkan langtímavaxta og eflingu fjármagnsmarkaðar. Í þeim skilningi er stærðin góð fyrir hagkerfið allt.

## Stærðin er styrkur á húsnæðis-lánamarkaði

Upphaflega voru það danskir fjárfestar sem fjármögnuðu húsbýggingar hérlendis með því að kaupa útgáfur veðlánadeildar Landsbankans sem lánaði með 4½% nafnvöxtum til 40 ára með veði í fasteignum. En þegar Ísland varð fullvalda og íslenska krónan sjálfstæð mynd 1918 hættu Danir að kaupa íslensk fasteignaveðbréf. Og nýir kaupendur fundust hvergi. Alla tuttugustu öld voru húsnæðislánin í

tómum ólestri þar sem langtímalán voru varla í boði og venjulegt fólk þurfti að leita til okurlánara til þess að geta keypt eigið húsnæði. Það var ekki fyrr en lífeyrissjóðakerfið tók að vaxa og eflast að skarðið eftir Danina var fyllt á íslenskum fjármagnsmarkaði. Fjármögnun húsnæðislána hefur nú um töluverða hrið hvílt að mestu leyti á lífeyrissjóðunum – hvort sem sjóðirnir lána út sjálfir eða fjármagna húsnæðislán bankanna og Íbúðalánasjóðs.

Sá munur er þó að lánin eru nú verðtryggð en ekki með föstum nafnvöxtum – líkt og þegar Ísland var hluti af Danmörku. En það helgast af því hvað íslenska krónan hefur verið óstöðug í gegnum tíðina. Hinn bitri sannleikur er sá að langtímalán með föstum vöxtum eru nær ómöguleg hérlendis nema að þau séu verðtryggð. Hins vegar hafa langir verðtryggðir vextir farið lækkaði síðustu 30 árin samhliða því að lífeyriskerfið hefur vaxið. Ástæðan er sú að eftir því sem meira hefur safnast í sjóðina hafa þeir keypt meira af innlendum fjármálaeignum, og eftir því hefur vaxtastigið farið lækkaði.

## Hvað um erlenda eignadreifingu?

Flestir ættu að geta verið sammála um mikilvægi þess að setja ekki öll egginn í sömu kórfa og að það auki öryggi lífeyrissparnaðarinnar að hann sé ávaxtaður ytra að hluta. Þá skiptir einnig máli að eftirlaunataka stórra kynslóða valdi ekki verulegum ruðningsáhrifum í efnahagslífinu s.s. þegar uppsafnaður sparnaður er dreginn út úr hagkerfinu og greiddur út sem lífeyrir. Lífeyrisiðgjöld fela í sér frestun á neyslu og skapa þannig viðskiptaafgang þar sem innflutningur verður minni fyrir vikið. Þannig má segja

að lífeyrissjóðirnir skapi sitt eigið svigrúm til erlendra fjárfestinga þar sem iðgjöldin búa sjálfkrafa til viðskiptaafgang. Þau mistök voru þó gerð þegar lífeyriskerfi var stofnað að gera ekki ráð fyrir því strax að a.m.k. helmingi eigna þeirra skyldi fjárfest erlendis. Lífeyrissjóðunum var hins vegar ekki heimilt að kaupa erlendar eignir fyrr en eftir afnám hafta árið 1994.

Sú mistök voru síðan endurtekin þegar höftin voru sett á nýjan leik árið 2008 – að þau voru lätin ná yfir lífeyrissjóðina. Af þeim sökum hefur erlent eignahlutfall þeirra lækkað á síðari árum. Hlutfall erlendra eigna hjá lífeyrissjóðunum er nú um ¼ en átti að vera um ½ og skeikar 800 milljörðum – sem samkvæmt eignastýringarsjónarmiðum átti að fjárfesta erlendis. Ljóst er að þessi mistök verða ekki leiðrétt í einu vefangi – og kannski aldrei að fullu. Vert er þó að hafa í huga að of hátt gengi krónunnar hefur verið jafn mikil vandamál og of lágt gengi í gegnum tíðina. Erlendar fjárfestingar sjóðanna voru það sem helst vann á móti þenslu og ofrisi krónunnar á árunum 2004-2008 – og nú er svipuð stada uppi þegar miklar gjaldeyrstekjur af ferðabjónustu hafa þrýst genginu upp nú á síðustu misserum. Þannig er hægt að líta á erlenda fjárfestingu lífeyrissparnaðar sem þjóðhagsvarúðartæki til þess að koma í veg fyrir að gengishækkun rýri samkeppnisstöðu atvinnuvega og kæfi útflutningsgreinar.

## Að lifa sómasamlegu lífi

Eftirstríðsbörnin komu inn á vinnu-markaðinn um líkt leyti og lífeyriskerfið var stofnað og eru því fyrsta kynslóðin sem hefur því náð að greiða inn í kerfið nær alla vinnu-

ævina. Að vísu gekk sjóðasöfnunin illa fyrst í stað á áttunda áratugnum vegna þess að fjármagnskerfið var í höftum samhliða því að verðbólga geisaði. Þannig var ávöxtun lífeyriseigna -29% árið 1973, -38% árið 1974 og -26% árið 1975. Hins vegar frá því að vextir voru gefnir frjálssir hefur ávöxtun lífeyrissjóðanna verið með ágætum eða um 5% að raunvirði frá 1990. Það er frábær árangur. Hrunárið 2008 er í raun eina slæma árið á þessum tíma en þá var ávöxtunin neikvæð um 23,4%. Hins vegar komu íslensku lífeyrissjóðirnir alls ekki verr út en erlendir sjóðir á þessum tíma – en til að mynda tapaði norski olíusjóðurinn stórkostlega.

Það hlýtur því að vera með stolti að fólkið sem fæddist eftir stríð getur farið á eftirlaun með eigin sparnaði – án þess að leggja byrðar á börn og barnabörn. Frá sjónarhóli okkar sem yngri erum hlýtur það einnig að vera jákvætt að nú hillir loks undir að nú rætist úr fátækt aldraðra – sem að áliti þess sem hér ritar hefur verið skamm- arleg – þar sem fólk hefur aðeins fengið lágmarkslífeyri frá ríkinu eftir langa erfiða vinnuævi. Þetta eru því miður eftirhreytur frá gamla lífeyriskerfinu sem byggði á millifærslum frá ríkinu í gegnum skattkerfið – líkt og þekktist ytra. Í framtíðinni munu íslenskir lífeyrisþegar geta gengið að eignum sem munu duga þeim til þess að lifa sómasamlegu lífi – þökk sé því að Íslendingar tóku upp núverandi lífeyriskerfi fyrir um 40-50 árum síðan.

Höfundur er ásamt dr. Hersi Sigurgeirssyni höfundur bókarinnar „Áhættudreifing eða einangrun? Um tengsl lífeyrissparnaðar, greiðslu- jafnaðar og erlendra fjárfestinga“ sem Landssamtök lífeyrissjóða gáfu út árið 2014.

## Happdrætti Húsnæðisfélags S.E.M. Útdráttur 24. feb 2016

SEM samtökin þakka öllum þeim sem tóku þátt í happdrættinu innilega fyrir stuðninginn

KIA Picanto LX 1.0 beinskiptur að verðmæti 1.930.777

91728

Ferðavinningur frá Heimsferðum að verðmæti 250.000

461	44469	48211	59642	78477
6107	45008	48498	64034	79308
29322	45963	52872	69155	88895
38688	46903	56548	77282	

Fartölva frá Tölvulistanum að verðmæti 199.990

2541	40150	73329	87844	
11948	47075	82226	89311	
16404	51354	85386	90389	

Ferðavinningur frá Heimsferðum að verðmæti 150.000


620	22686	36366	54053	67669	87343
1504	22711	36869	55533	67706	88321
2049	23062	38509	56459	67712	88718
3411	24250	40053	56600	68648	89331
5241	24276	40219	56646	68930	90557
5814	24427	41321	57685	70119	92151
6327	24575	42074	57833	71031	94118
6590	24954	42796	58846	71538	94138
7041	25826	43133	60125	71964	95528
9860	26508	43944	61492	74869	96650
10905	26559	44088	61665	75288	97139
11593	27739	44563	64650	76265	97225
15511	29040	47437	64681	77119	97265
16168	29538	47931	65121	78834	97608
17756	30292	48459	65128	78841	98591
18809	30750	49434	65184	79462	98670
18920	31656	50365	65971	81382	98700
20115	31846	50805	66191	81399	99026
20130	34169	50955	66481	81639	99908
20248	34713	51006	66606	82555	99910
20586	35664	52408	66909	86194	
21936	35693	52926	67202	8695	
22614	36088	53853	67239	87142	

Spjaldtölva frá Tölvulistanum

2974	9136	23425	44540	68372	94187
4386	12670	27702	44556	71733	95046
4614	16358	32291	52833	74133	98597
4679	16550	35963	54415	75062	99746
4919	17750	41549	54563	79771	
6140	18268	42825	58331	86214	
7871	23012	44210	63349	87494	

Vinninga ber að vitja innan árs frá útdrátti. Upplýsingar í síma 588 7470 og á www.SEM.is

## Hvernig eyðum við bleikum sköttum?



Haukur Hilmarsson  
ráðgjafi í  
fjármálahegðun



Það er hagur okkar allra að snúa vörn í sókn. Byrjaðu strax í dag að skoða í hvað þú eyðir peningunum þínum og hvort þú getir ekki gert betur. Lægri útgjöld styrkja samfélagið.

Hvort við séum að eyða þeim skynsamlega. Þarna verður bleiki skatturinn til. Annars vegar vegna þess að konur eru meiri neytendur og hins vegar vegna þess að stór hluti beggja kynja hugsar lítið um útgjöldin – borgar bara.

## Lítið heyrir í neytendum

Íslendingar eru almennt séð tekjumíðað samfélag. Það er auðsæð á því að háverar raddir heyrast þegar tekist er á um hærri laun og hærri bætur en lág- róma tal þegar kemur að mótmælum um hækkandi verðlag. Samkeppnis- eftirlitið og Félag íslenskra bifreiðaeigenda hafa nýlega bent á að Íslendingar borga óþarflega hátt eldsneytisverð. Það eru ekki jafn sterk mótmælin við því og samstaðan sem fylgdi kjarabaráttunni á síðasta ári. Bent hefur verið á að álagning á matvöru er hærri hér á landi en í nágrannalöndunum. Aftur heyrir lítið í okkur neytendum. Tekjumíðuð neysla eins og við höfum van- ist mun alltaf ýta verðlagi upp því að í hvert sinn sem laun á vinnu- markaði hækka þá fer verðlag upp. Kaupmenn og heildsalar nýta sér þessi viðhorf okkar og treysta á að hegðun okkar sé samkvæmt vaxi; að horfa á tekjurnar og forðast að skoða eigin fjármál.

Lausnin er einföld. Við eigum að leggja jafn mikla áherslu á útgjöldin okkar og tekjurnar. Þegar við horfum ekki aðeins á það að fá meiri tekjur til að borga fyrir neysluna okkar heldur

horfum líka á hve mikið við fáum fyrir peningana þá batnar hagur okkar enn frekar. Það er líka mikill árangursrík- ara að horfa á útgjöldin því við getum tekið ákvarðanir um að kaupa eða ekki kaupa vörur strax í dag. Það tekur okkur hins vegar að jafnaði langan tíma að vinna okkur upp í tekjum.

## Besta kjarabótin

Besta kjarabótin, og um leið aðferð til að eyða bleikum sköttum, er áhersla á lægra verðlag og að lækka útgjöld heimilanna. Með því að nota inn- kaupalista og skipuleggja útgjöldin má lækka rekstrarkostnað einstaklinga og heimila strax. Þessi einfalda vitundarvakning getur haft áhrif á fjármálin þín núna í dag. Tuga pró- senta lækkan í útgjöldum á næstu vikum er miklu betri en 3-5% launa- hækkun yfir nokkurra ára tímabil.

Þegar við krefjumst lægra verð- lags þá höfum við ekki bara áhrif á matvöru, eldsneyti eða sérvörur fyrir konur. Við höfum áhrif á allar stéttir samfélagsins. Í dag hefur lág- tekjufólk og lífeyrisþegar enga kosti aðra en að kaupa vörur og þjónustu millistéttarinnar. Þeirra val verður í mörgum tilfellum of dýr inn- kaup á dagvöru og þiggja ölmusu eða skerða eðlileg lífsgæði til að ná endum saman. Það er rangt að hluti samfélagsins sé háður öðrum fjárhagslega bara vegna verðlagsins. Ef við stöndum saman og hugsum um peningana okkar þá höfum við áhrif. Effjöldinn leitar í ódýrari en sambærilegar vörur og mótmælir hækkunum og mikilli álagningu þá ýtum niður verði á eldsneyti og matvöru og ýtum niður bleikum sköttum. Við aukum lífsgæðin.

Það er hagur okkar allra að snúa vörn í sókn. Byrjaðu strax í dag að skoða í hvað þú eyðir peningunum þínum og hvort þú getir ekki gert betur. Lægri útgjöld styrkja samfélagið.

Vissir þú að...



Það er bannað að misnema börnum eða líkamlegri eða andlegri geu.





# KONUKVÖLD Í ÚTILÍF SMÁRALIND 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SPORTVÖRUM

DAGSKRÁ FRÁ KL. 20-22

SÉRFRÆÐINGAR Á STAÐNUM FRÁ:



UNDER ARMOUR.



POLAR®

ENDURANCE

GUÐBJÖRG FINNS ÞJÁLFARI KYNNIR VÖRUR FRÁ

casall®

AFSLÁTTUR GILDIR Í ÖLLUM VERSLUNUM - ALLAN DAGINN

Fanndís Friðriksdóttir  
A landsliðskona í fótbolta og leikmaður Breiðabliks

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

ÚTILÍF

síðan 1974

utilif.is

ARNASYNIR

FRÉTTABLAÐIÐ  
SPORTHenry Birgir  
Gunnarsson  
henry@frettabladid.is

**MMA** „Mér list mjög vel á Tumenov. Góður andstæðingur sem virkar grjótharður,“ segir Gunnar Nelson en hann stígur loksins aftur inn í búið á UFC-bardagakvöldi í Rotterdam þann 8. maí næstkomandi.

Andstæðingur hans að þessu sinni er Rússinn Albert Tumenov. Sá er 24 ára gamall rotari sem hefur unnið fimm síðustu bardaga sína.

„Ég hef séð síðustu bardaga hans og þar hefur hann verið góður. Ég er aðeins byrjaður að hugsa um bardagann en ég fíla best að labba inn í búið og láta bardagann ráðast. Vera samt undirbúinn fyrir hvað sem er. Það eru flestir grjótharðir sem koma að austan. Ég býst því við erfiðum bardaga,“ segir Gunnar en Tumenov er í 15. sæti á styrkleikalista UFC en er hann komst þangað henti hann Gunnari af listanum.

„Helvítíð á honum. Því er enn meiri ástæða fyrir mig að klára hann,“ segir Gunnar léttur en hann mun æfa hér heima og í Dublin fyrir bardagann.

**Fljótur að jafna sig**

Gunnar hefur látið lítið fyrir sér síðan hann tapaði fyrir Demian Maia í desember þar sem hann átti aldrei möguleika.

„Ég hef verið að vinna í því að koma skrokknunum almennilega í gang á nýjan leik. Að læra betur inn á mig líkamlega. Ég er að nýta þessa mánuði vel til þess að æfa,“ segir Gunnar en var hann lengi að jafna sig á tapinu gegn Maia?

„Nei, það tók mig ekkert svo langan tíma. Ég var orðinn góður í andlitinu eftir viku og vann svo fljótt aftur inn í æfingarnar. Það er samt alltaf leiðinlegt að tapa og ég tala nú ekki um þegar maður er ekki ánægður með eigin frammistöðu. Ég fór fljótlega að hugsa um hvað ég þyrfti að bæta og fór að vinna í því. Þetta voru vonbrigði. Það er ekki hægt að neita því en svona er að vera íþróttamaður.“

**Vill ná fjórum bardögum**

Þó að Gunnar berjist seint á árinu stefnir hann enn að því að berjast fjórum sinnum á árinu. Hann sér fyrir sér annan bardaga næsta sumar og svo aðra tvo á seinni hluta ársins. Hvar sér Gunnar fyrir sér að hann verði í lok ársins?

„Ég sé ekki neitt annað en fjóra sigra. Ég er ekkert að flækja hlutina meira en það. Þetta er það sem ég vil en auðvitað tek ég bara einn bardaga í einu.“

Eins og áður segir er Gunnar dottinn af styrkleikalista UFC og tap fyrir Tumenov myndi kasta honum enn aftur í goggunnarröðina. Finnur hann fyrir aukapressu út af því?

„Mér finnst alltaf vera pressa. Hver bardagi er akveðið ferðalag og hver bardagi er sá mikilvægasti. Þetta er alltaf lærdómur. Þó að ég sé búinn að tapa tvisvar þá er ég enn með háleit markmið sem ég tek ekkert augun af. Þessi tölur voru partur af mínu ferðalagi. Það er ekkert annað að gera en halda áfram þó svo það komi smá hola í veginn. Ef maður fellur þá fær maður annað tækifæri til þess að sýna úr hverju maður er gerður. Ég er enn ungur og á nóg eftir í þessu.“

Gunnar var úti í Dublin í tvær vikur á dögunum þar sem hann æfði með vini sínum, Conor McGregor, en hann berst gegn Nate Diaz á laugarlag í Las Vegas.

„Mér list helvíti vel á þennan bardaga. Mér finnst hann meira spennandi en bardaginn sem Conor átti að heyja gegn Dos Anjos. Mér finnst líka mjög skemmtilegt að þeir séu að berjast í þeirri þyngd sem þeir eru í dags daglega. Þetta eru tveir snælduvitlausir, kokhraustir strákar. Þeir



Gunnar Nelson er kominn á fullt og ætlar sér að berjast fjórum sinnum á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ég trúi ekki að það verði nokkurn tíma af bardaga á milli mín og Conors.

Gunnar Nelson

## Skil að fólk vilji sjá okkur Conor berjast

Gunnar Nelson stígur aftur inn í búið í maí eftir fimm mánaða fjarveru. Hann segist ekki finna fyrir meiri pressu en áður. Hann hefur trú á vini sínum Conor McGregor um helgina en enga trú á því að þeir muni berjast síðar.

eiga eftir að tala allan helvítis bardagann,“ segir Gunnar en hverju spáir hann um bardagann?

„Ég held að Conor vinni. Ég er ekki viss um að það verði í fyrstu lotu. Conor veðrar hann í fyrstu lotu og í annarri lotu klárar hann dæmið.“

Conor fer upp um tvo þyngdarflokka til þess að berjast gegn Diaz. Hann er kominn í veltivigtina sem er þyngdarflokkurinn hans Gunnars.

„Ég held hann sé ekki kominn til að vera þar. Hann fer aftur niður um einn flokk til þess að berjast við Dos Anjos,“ segir Gunnar en Dos Anjos er í léttvigt. Conor er meistari í

fjaldurvigt og Gunnar hefur ekki trú á að vinur sinn verði þar til lengdar.

**Ólíklegt að ég mæti Conor**

„Hann vill það ekki og það er spurning hvornig þeir snúa sér í þessu. Ég veit að þessi niðurskurður er farinn að verða ansi mikill fyrir hann og hann gæti þurft að gera það einu sinni enn. Það fer líka eftir því hvornig honum gengur gegn Dos Anjos. Klári hann þann bardaga og fái beltið gæti hann gefið hitt frá sér og verið í millivigtinni. Sáttur með að hafa tekið fjaldurvigtarbeltið frá Aldo sem var lengi meistari.“

Þar sem Gunnar er að keppa í veltivigt núna, og hefur hótað að taka beltið þar líka, velta menn því eðlilega fyrir sér hvort það geti orðið af því að hann og Conor berjast. Gætu þeir vinirnir hugsað sér að berjast?

„Ég efast um að sú staða komi upp. Auðvitað er allt hægt samt. Það yrði samt staða þar sem mér finnst allir tapa. Ég vil ekki tapa og vil ekki sjá hann tapa. Ég skil alveg að fólk myndi vilja sjá okkur berjast. Það væri klám fyrir einhverja. Ég trúi ekki að það verði nokkurn tíma af þeim bardaga.“

**Nýjast****Enska úrvalseildin**

Arsenal	1–2 Swansea
Stoke	1–0 Newcastle
West Ham	1–0 Tottenham
Liverpool	3–0 Man. City
Man. United	1–0 Watford

**Efst**

Leicester	57	Swansea	30
Tottenham	54	Sunderland	24
Arsenal	51	Norwich	24
Man. City	47	Newcastle	24
Man. United	47	Aston Villa	16

**Neðst****Hvað gerði Gylfi?**

Gylfi Þór Sigurðsson kom inn á sem varamaður í hálfleik og lagði upp sigurmark Swansea. Tottenham tapaði eins og Arsenal og mistókst því að komast á toppinn. Liðin í 2. til 4. sæti töpuðu öll því Liverpool vann Man. City 3-0.

**Domino's deild kvenna í körfubolta****Grindavík - Valur 58-63**

**Stigahæstar:** Whitney Frazier 17, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 13/13 frák./5 stolnir - Karisma Chapman 27/13 frák., Hallveig Jónsdóttir 12, Guðbjörg Sverrisdóttir 9.

**Keflavík - Hamar 96-57**

**Stigahæstar:** Monica Wright 17/6 stolnir, Melissa Zornig 14, Sandra Lind Prastardóttir 14/14 frák. - Alexandra Ford 28.

**Snæfell - Stjarnan 66-58**

**Stigahæstar:** Haiden Palmer 14/14 fráköst, Bryndis Guðmundsdóttir 13 - Adrienne Godbold 21/12 fráköst.

**Ólis deild kvenna í handbolta****Gróttta - ÍBV 27-21**

**Markahæstar:** Þórey Anna Ásgeirsdóttir 7, Unnur Ómarsdóttir 4, Lovisa Thompson 4 - Vera Lopes 7, Ester Óskarsdóttir 6.

**Stjarnan - Fram 29-23**

**Markahæstar:** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 7, Helena Rut Órvarsdóttir 6 - Ragnheiður Júlíusdóttir 8, Steinunn Björnsdóttir 5.

**Valur - Selfoss 30-24**

**Markahæstar:** Íris Ásta Pétursdóttir 12 - Hrafnhildur Hanna Prastardóttir 9.

**FH - Fjölnir 30-20****Fylkir - HK 25-14****DAGNÝ AFGREIÐDI BELGANA**

Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta er þegar búið að gera betur á Algarve-mótinu en í fyrra þrátt fyrir að íslensku stelpurnar séu bara búnar að spila einn leik. Ísland vann 2-1 sigur á Belgíu í gær en liðið vann hvorki leik né skoraði mark á mótinu í fyrra. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir skoraði fyrri markið á 4. mínútu en Belgar jöfnuðu rétt fyrir hálfleik. Dagný Brynjarsdóttir kom inn á sem varamaður í hálfleik og skoradi sigurmarkið í uppbótartíma.

**Í dag**

19.00 Fjölnir - Þróttur R.	Sport 3
19.00 Grindavík - Haukar	Sport
20.00 Rayo - Barcelona	Sport 2

18.00 KA/Þór - Haukar	KA-hús
19.15 Stjarnan - Höttur	Ásgarður
19.15 ÍR - Snæfell	Seljaskóli
19.15 FSu - Keflavík	Iða.
19.15 Tindastóll - KR	Sauðárkrókur
19.15 Grindavík - Haukar	Grindavík
19.30 Valur - FH	Valshöllin
19.30 ÍBV - Fram	Eyjar
19.30 Víkingur - Afturelding	Víkin
19.15 Gróttta - ÍR	Hertz höllin
20.00 Akureyri - Haukar	KA-hús

**-30%**KS KINDAFILLE  
FERSKT**2.799**

ÁÐUR 3.998 KR/KG

**-30%**KB GRÍSAKÓTILETTUR  
Í RASPI**1.259**

ÁÐUR 1.798 KR/KG

**-30%**

BAYONNESTEIK

**1.397**

ÁÐUR 1.996 KR/KG

**-50%**

BERLÍNARBOLLA 65 G

**100**

ÁÐUR 199 KR/STK

**-20%**

GULRÓTARTERTA

**1.198**

ÁÐUR 1.498 KR/PK

**-50%**

BLÁBER BOX - 125 G

**269**

ÁÐUR 568 KR/PK

**-20%**ÓDÝRT RAUÐSPRETTUFLÖK  
M/ROÐI**878**

ÁÐUR 1.098 KR/PK

**-42%**DANPO KJÚKLINGALUNDIR  
700G**980**

ÁÐUR 1.689 KR/PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 3. - 6. mars 2016**Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Glerártorg · Hrísalundur · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss  
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

- 1813** Bretar og Svíar skrifa undir Stokkhólmssáttmála.
- 1875** Carmen, ópera George Bizet, er frumsýnd í París.
- 1931** Bandaríkin taka formlega upp „The Star Spangled Banner“ sem þjóðsöng.
- 1944** Bandarískar herflugvélar fljúga í fyrsta sinn yfir Berlín í seinni heimsstyrjöldinni.
- 1974** DC-10 þota Turkish Airlines hrapar fljótlega eftir flugtak frá Orly-flugvelli í París með þeim afleiðingum að 350 láta lífið.
- 1997** Björk Guðmundsdóttir tekur við tónlistarverðlaunum Norðurlandaráðs í Ósló.
- 1999** Um það bil 74 milljónir sjónvarpsáhorfenda í Bandaríkjunum fylgjast með Monicu Lewinsky ræða um samband sitt við Bill Clinton, þáverandi Bandaríkjaforseta.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ástu Þórunnar Vilbergsdóttur**

Hjalladæl 7 á Eyrarbakka.

**Óskar Magnússon**

Lillian V.R. Óskarsdóttir

Július Ólafsson

Ragnheiður Óskarsdóttir

Birgir Edwald

Sigríður Óskarsdóttir

Vilbergur Magni Óskarsson

Brynja Björgvinsdóttir

Eyrún Óskarsdóttir

Edda Óskarsdóttir

Ólafur Andri Ragnarsson

Hallgrímur Óskarsson

Þórunn Jóna Hauksdóttir

ömmubörn og langömmubörn.



Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, tónlistarstjóri Menningarfélags Akureyrar, er fimmtugur í dag. MYND/ÞRÖSTUR ERNIR VIDARSSON

## Ég kem til með að halda afmælið í Berlín

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson fagnar fimmtíu ára afmæli sínu í dag en hann mun eyða deginum í flugvél. Hann og kona hans, Þórunn Geirsdóttir, ætla að halda upp á afmælið í menningarborginni Berlín, þar sem þau ætla að njóta þess sem borgin býður upp á.

„Ég er í töluvert betra formi núna heldur en ég var þegar ég var fertugur svo mér list bara vel á þetta. Maður hefur miklu meira úthald heldur en maður hafði þegar maður var yngri, en auðvitað fylgja þessu líka blændnar tilfinningar, það er eitthvað við það að tala um öld sem er skrítið. Mér líður alltaf eins og ég sé 25 ára, svo er ég ekki bara tvisvar sínum 25 ára? Held það sé best svo-leiðis,“ segir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, tónlistarstjóri Menningarfélags Akureyrar, en hann fagnar fimmtíu ára afmæli sínu í dag.

Þorvaldur Bjarni kemur til með að fagna tímamótunum í Berlín með eiginkonu sinni, Þórunni Geirsdóttur, þar sem þau ætla að njóta menningarinnar sem borgin hefur upp á að bjóða.

„Ég verð í flugvél á leið til Berlínar þegar þetta skellur á, ég ætla að halda upp á afmælið með konunni minni, og

Ég er í töluvert betra formi núna heldur en ég var þegar ég var fertugur svo mér list bara vel á þetta.

við ætlum að upplifa menninguna sem Berlín hefur upp á að bjóða, kíkja í heim-sókn í óperuna og menningarhúsin. Það er alltaf gaman að skoða menningarhús í öðrum löndum. Til að útiloka ekki restina af fjölskyldunni þá ætla ég að gleðjast með fjölskyldu og nánum vinum á Jómfrúnni en það er uppáhaldsstaðurinn minn,“ segir Þorvaldur Bjarni aðspurður hvernig hann komi til með að eyða afmælisdeginum sínum.

Þorvaldur segir að sér þyki gaman að eiga afmæli: „Það er sérstaklega gaman

þegar það er kveikjan að því að fara gera eitthvað skemmtilegt. Þar sem ég vinn mjög mikið, gefur þetta manni afsökun til að stinga af,“ segir Þorvaldur.

Margt hefur drifið á daga Þorvaldar Bjarna en hann var ráðinn tónlistarstjóri Menningarfélags Akureyrar í maí 2014. Þorvald Bjarna þekkjá líklega flestir úr hljómsveitinni Todmobile en nóg er um að vera hjá kappanum á næstunni.

„Fram undan eru tónleikar í Eldborg 16. apríl þar sem við munum koma með Völuspá sem Valgerður Guðnadóttir syngur ásamt kórum og Sinfóníuhljómsveit Íslands. 13. mars verður einn fjölbáfasti gítarleikari Evrópu, Guðmundur Pétursson, með tvöfaldan gítarkonsert með Sinfóníuhljómsveit Akureyrar í Hofi. Svo verður Todmobile á Græna hattinum 22. og 23. apríl,“ segir Þorvaldur Bjarni bjartsýnn á komandi viðburði. [gudrunjona@frettabladid.is](mailto:gudrunjona@frettabladid.is)



Elskulegur eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Jón Helgason**

fv. framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs Vegagerðarinnar, Þjóttuseli 5,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, sunnudaginn 28. febrúar. Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 9. mars kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Landspítalann.

**Stefanía G. Björnsdóttir**

Sveinbjörg Jónsdóttir

Sigurður Óli Hákonarson

Stefán Helgi Jónsson

Guðbjörg Sigrún Bergsdóttir

Rannveig Jónsdóttir

Reynir Óli Þorsteinsson

Sigríður Ragna, Jón Helgi, Friðrika, Ólafur,

Sveinbjörg Þóra og Lára Salvör



Faðir okkar,

**Sighvatur Arnórsson**

frá Miðhúsum í Biskupstungum,

andaðist á Kumbaravogi þann 24. febrúar. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 5. mars kl. 14.00. Jarðsett verður í Haukadál.

Fyrir hönd aðstandenda,

Geirþrúður, Hjálmur, Arnór, Helga, Ingunn og Hallur



Hjartkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, afi og bróðir,

**Kristinn J. Albertsson**

jarðfræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 1. mars.

Útför hans fer fram frá Friðkirkjunni í Hafnarfirði 8. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Sigríður Ágústsdóttir**

Iðunn Elsa Kristinsdóttir

Sverrir Örvar Sverrisson

Brynhildur Daðina, Hákon Þorri

Elsa Kristinsdóttir

Magnús Páll Albertsson

Sverrir Albertsson

ÞETTA GERÐIST: 3. MARS 1984

## Kvikmyndin Atómstöðin var frumsýnd

Íslenska kvikmyndin Atómstöðin var frumsýnd þennan dag árið 1984 í leikstjórn Þorsteins Jónssonar. Kvikmyndin er byggð á samnefndri skáldsögu Halldórs Kiljans Laxness og sú fyrsta sem Íslendingar gerðu upp á eigin spýtur, eftir bókum hans. Hún var líka dýrasta kvikmynd sem Íslendingar höfðu gert til þess tíma, kostaði fjórtán milljónir króna.

Atómstöðin fjallar um líf sveitastúlkuunnar Uglu sem kemur til borgarinnar og ræðst sem þjónustustúlka til Búa Árland og hans borgaralegu fjölskyldu. Með hlutverk Uglu í myndinni fer Tinna Gunnlaugsdóttir og Búa Árland leikur stórleikarinn Arnar Jónsson.

Nóbelsskáldið var ánægt með myndina eftir frumsýningu. Hins vegar taldi Halldór söguna bara ekki nógu góða hjá sér enda hefði hann rubbað henni af á svipstundu.



# SECRET × SOLSTICE × 2016

16.-19. JÚNÍ × REYKJAVÍK

# RADIOHEAD

**OMAM**  
- OF MONSTERS AND MEN -

**DEFTONES** **MEANTWOORS**

**JAMIE JONES**

**St Germain**

**röisin murphy**

**ACTION BRONSON**

**KERRI CHANDLER**

**APOLLONIA**

**Skream**

**ART DEPARTMENT**

**VISIONQUEST**

**GOLDIE**  
TIMELESS SET

Í STAFRÓFSRÖÐ

DJ

Artwork [UK]  
Balcony Boyz [IS]  
Benoit & Sergio [FR/US]  
Big Swing  
Soundsystem [UK]  
Bensol [IS]  
Bones [CA]  
Casanova [IS]  
Chez Damier [US]  
Clovis [US]

Darius Syrossian [UK]  
Deetron [CH]  
Derrick Carter [US]  
DJ Hendrik [IS]  
DJ Kári [IS]  
Droog [US]  
Edu Imbernon [ES]  
Exos [IS]  
French Toast [UK]  
Frimann [IS]

ILO [IS]  
Kristian Kjeller [DK]  
KSF [IS]  
Lee Curtiss [US]  
Lil Louis [US]  
MANT [UK]  
Maher Daniel [CA]  
Marc Roberts [UK]  
Matt Tolfrey [UK]  
Maxxi Soundsystem [UK]

Midland [UK]  
Nitin [CA]  
Paranoid London [UK]  
Plastic Love [US]  
Richy Ahmed [UK]  
Rix [IS]  
Robert Owens [US]  
Rob Shields [UK]  
Ryan Crosson [US]  
Shaun Reeves [US]

Sonur Sæll [IS]  
Stacey Pullen [US]  
Stephane Ghenacia [FR]  
Voyeur [UK]  
wAFF [UK]  
Will Mills [UK]  
Will Saul [UK]  
Yamaho [IS]  
Youandewan [UK]  
+ FLEIRI

Í STAFRÓFSRÖÐ

LIVE

Afrika Bambaataa [US]  
Agent Fresco [IS]  
Alexander Jarl [IS]  
Alvia Islandia [IS]  
AmabAdamA [IS]  
Auður [IS]  
Axel Flóvent [IS]  
Átrúnaðargoðin [IS]  
Bang Gang [IS]  
Bernhoft [NO]  
Brother Big [IS]  
Captain Syrup [IS]  
Dali [IS]  
Dr. Spock [IS]

Einar Indra [IS]  
Emmsjé Gauti [IS]  
Faces of Walls [IS]  
Flatbush Zombies [US]  
Fox Train Safari [IS]  
Fufanu [IS]  
Geimfarar [IS]  
General Levy [UK]  
Gervisykur [IS]  
Gísli Pálmi [IS]  
GKR [IS]  
Glacier Mafia [IS]  
Glowie [IS]  
Halleluwah [IS]

Herra Hnetusmjör [IS]  
Hjaltalín [IS]  
Högni Egilsson [IS]  
Infinity Ink [UK]  
Jack Magnet [IS]  
Kelela [US]  
Kiló [IS]  
Kúra [IS]  
Lady Leshurr [UK]  
Lily of the Valley [IS]  
Lily the Kid [IS]  
Lord Pusswhip  
& Svarti Laxness [IS]  
Mammút [IS]

Marteinn [IS]  
M.O.P. [US]  
Mosi Musik [IS]  
Novelist [UK]  
Ocean Wisdom [UK]  
Pink Street Boys [IS]  
Problem Child [UK]  
Reykjavíkurdætur [IS]  
Rimnaríki [IS]  
RVK Soundsystem [IS]  
Shades of Reykjavík [IS]  
Since When [US]  
Slow Magic [US]  
Soffia Björg [IS]

Stefán Karel [IS]  
Tanya & Marlon [IS]  
Troyboi [UK]  
TRPTYCH [IS]  
Tusk [IS]  
Úlfur Úlfur [IS]  
Vaginaboys [IS]  
Valby Bræður [IS]  
Wølfte [UK]  
Ylja [IS]  
XXX Rottweiler [IS]  
Þriðja hæðin [IS]  
+ FLEIRI

SHOWCASES:

THE HOUSE  
THAT CHICAGO BUILT

KNOZ  
THEORY

No.19

DO NOT  
SLEEP

HOT  
CREATIONS

NS

C  
CULPRIT

Party  
Zone

MIDAVEÐ FRÁ

24.900 KR

Á SECRETSOLSTICE.IS


secretsolstice.is #secretsolstice



Lenovo TOYOTA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur



Austlæg átt, 8-13 m/s og dálítill el framan af degi, en lægir síðan og rofar til. Frost 0 til 10 stig, kaldast inn til landsins.

## Föstudagur

<b>Reykjavík</b> ☁ 1° ↗ 3	<b>Ísafjörður</b> ☁ -1° ↗ 4	<b>Akureyri</b> ☁ -4° → 5
<b>Egilsstaðir</b> ☁ -4° → 5	<b>Kirkjubæjarkl.</b> ☀ 1° ↘ 5	<b>Hveravellir</b> ☁ -4° → 8

## Laugardagur

<b>Reykjavík</b> ☁ 2° ↑ 3	<b>Ísafjörður</b> ☀ -4° ↑ 5	<b>Akureyri</b> ☁ -4° ↗ 4
<b>Egilsstaðir</b> ☀ -5° ↑ 2	<b>Kirkjubæjarkl.</b> ☁ -0° ↙ 4	<b>Hveravellir</b> ☀ -5° ↗ 5

## Prautir

### Krossgáta

- Lárétt**
2. pabbi
  6. eftir hádegi
  8. hópur
  9. garðshorn
  11. kvæð
  12. kraum
  14. einkennis
  16. rás
  17. lengdarmál
  18. rell
  20. sjó
  21. nabbi.

### LÓDRÉTT

1. viðartegund
3. fisk
4. vandræði
5. svelg
7. mjór
10. skítur
13. kóf
15. tísku
16. espa
19. tveir eins.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÓDRÉTT: 2. pabbi, 6. eftir hádegi, 8. hópur, 9. garðshorn, 11. kvæð, 12. kraum, 14. einkennis, 16. rás, 17. lengdarmál, 18. rell, 20. sjó, 21. nabbi.

### Skák Gunnar Björnsson

Madl átti leik gegn Peng í Asow árið 1993 Hvítur á leik

1. Dxe6+! fxe6 2. Hxe6#. Síðari hluti Íslandsmóts skákkfélaga hefst í kvöld í Ríma-skóla. Búist er við harði baráttu Hugins og TR um Íslandsmeistaratið.

www.skak.is Fimm dagar í Reykjavíkurskákmót.



## Sudoku

### LÉTT

6	1		5	9	2
4	5	6		9	3
8	9	1			
	8	5	2		1
9	4	8			
					4
	7	4	3	5	6
		6	8		
		1	7	2	

### MIDLUNGS

				9	8	3
	4			8		2
		9	7	3		
7	1			9		
		6	4	2		
				6		
	9		1		5	7
1	2			8		
5	8					1

### PUNG

			4	1		
		6		9	2	4
8						7
2	8					9
			6	3	5	
	9		5	8		2
		8			7	1
5		3				4
9		6	5			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

6	1	5	3	8	7	4	2	9
4	9	2	1	5	6	7	8	3
8	3	7	9	2	4	5	6	1
9	6	8	7	3	5	1	4	2
7	2	4	6	9	1	8	3	5
3	5	1	2	4	8	6	9	7
1	7	9	4	6	3	2	5	8
2	8	6	5	7	9	3	1	4
5	4	3	8	1	2	9	7	6


## Myndasögur

### PONDUS



Eftir Frøde Øverli

### GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### BARNLÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**GRIPAHÚSIÐ**  
SÍÐUSTU SÝNINGAR!  
6. MARS, KL. 20:30  
11. MARS, KL. 20:30  
13. MARS, KL. 20:30



**OLD BESSASTAÐIR**  
SÍÐUSTU SÝNINGAR!  
4. MARS, KL. 20:30  
10. MARS, KL. 20:30  
19. MARS, KL. 20:30



**LÍFIÐ**  
SÍÐUSTU SÝNINGAR!  
6. MARS, KL. 13:00  
13. MARS, KL. 13:00  
20. MARS, KL. 13:00



**HVANNDALSBRÆÐUR**  
5. MARS, KL. 21:00



# LÁGT VERÐ ALLA DAGA

SÍÐAN 1962

TILBOÐ 3. - 7. MARS




**BOSCH** RAFMAGNSVERKFÆRI



INNIMÁLNING

## MARKAÐSDAGAR



Í ÖLLUM VERSLUNUM  
BYKO TIL 13. MARS

**Gerðu alveg hreint ótrúleg kaup!**

Mikið úrval af vörum frá 50 krónum  
og upp í 1500 krónum.

Fjöldi annarra vara á stórlækkuðu verði.  
Bætum við nýjum vörum daglega.

**ÞAÐ BORGAR SIG AÐ LÍTA VIÐ Á MARKAÐINN**

VIÐ VERÐUM  
Á SVÆÐI C23  
-HEILSIÐ UPP  
Á OKKUR!

Stórsýningin  
**Verk og vit**  
2016

Íslenskur byggingariðnaður,  
skipulagsmál og mannvirkjagerð  
Laugardalshöll 3.-6. mars



Verið velkomin  
á glæsilega  
sýningu!

[www.verkogvit.is](http://www.verkogvit.is)



[byko.is](http://byko.is)

REYNSLUMIKID STARFSFÓLK  
ÚRVALS ÞJÓNUSTA

**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN

# Vegna þess að út úr öllu þessu spretta þúsund blóm

**Páll Baldvin Baldvinsson tók í gær við viðurkenningu Hagþenkis, félags höfunda fræðiritra og kennslugagna, fyrir rit sitt Stríðsárin 1938-1945 sem hefur hlotið fádæma góðar viðtökur lesenda.**

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



**V**iðurkenning Hagþenkis, félags höfunda fræðiritra og kennslugagna, voru veitt við hátiðlega athöfn í gær og féllu Páli Baldvini Baldvinssyni í skaut fyrir rit hans Stríðsárin 1938–1945 í útgáfu JPV útgáfu. Viðurkenning Hagþenkis hefur verið veitt árlega síðan 1987 en öll fræðarit sem koma út á íslensku á liðnu ári koma til greina og er verðlaunaupphæðin ein milljón króna. Páll Baldvin var að vonum kátur með viðurkenninguna sem hann sagði svo sannarlega gleðiefni og að peningarnir komi sér vel.

„Þetta eru önnur af þessum tvennum verðlaunum þar sem einhver sjóður fylgir og það er líka ánægjulegt að í bæði Íslensku bókmenntaverðlauninum og Menningarverðlaunum DV er farið að taka sérstaklega til fræðiritra. Það er ánægjuleg framför. Íslenskir fræðimenn sem standa í útgáfu eru ekkert of vel haldnir og þetta er í rauninni gjafavinna fyrir samfélagið. Þetta er unnið meira og minna án nokkurra launa nema þú sért tengdur einhverri menntastofnun, sem gerir ráð fyrir því að þú sért að skila einhverri rannsóknarvinnu, eins og t.d. háskólunum. Þannig að það er gaman að vera partur af því og þetta bætist við þá almennu viðurkenningu sem verkið hefur fengið og þær góðu viðtökur sem það hefur hlotið hjá lesendum sem er auðvitað ágætis umbun fyrir þessi þrjú ár sem fóru í þetta. Það verður kannski ekki í askana látið en þó eru margir sem fljóta á því. Hin jákvæða styrking er uppbyggjandi.“

## Fræðirit við alþýðuskap

Fjölmörg glæsileg rit voru tilnefnd til viðurkenningar Hagþenkis í ár en eins og Páll Baldvin kom m.a. inn á í þakkarræðu sinni þá skera Hagþenkisverðlaunin sig úr öðrum verðlaunum að því leyti að margra mánaða starf liggur að baki bæði tilnefningunum og valinu. „Það er stór nefnd sem að þessu stendur og mikill metnaður settur í þessa vinnu þar sem fólk þarf að vera mjög verserað á mörgum sviðum og klárt á þeim grundvallaratriðum sem liggja að baki valinu. Á sama tíma er einnig verið að skoða hvaða verk það eru sem íslenskur almenningsmaður hefur aðgang að en það hefur löngum verið kostur við íslenska fræðimenn að þeir hafa reynt að skila verkum sínum þannig að þau væru við alþýðuskap. Það er hluti af íslenskri fræðahefð og það er um að gera að reyna að halda í það að reyna að skrifa á skiljanlegu máli og hafa hlutina sæmilega skýra svo allir geti notið þeirra.“

Páll Baldvin bendir einnig á hversu mjög vanmetið og vanþakklátt starf valnefndanna er og hefur verið lengi. „Þetta kemur hvað skýrast fram í kvikmynda-, leiklistar- og skáldskaparverðlaunum. Þá eru menn mjög fljótir að hlaupa til þess að það sé einhver græska sem búi að baki. En mín reynsla er sú af starfi í valnefndum, bæði fyrir Edduna og Menningarverðlaun DV, að fólk sem gefur sig á annað borð í



Páll Baldvin Baldvinsson rithöfundur sem hlaut í gær viðurkenningu Hagþenkis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Tilnefnd rit til viðurkenningar Hagþenkis

- Landnám og landnámsfólk. Saga af bæ og blóti eftir Bjarna F. Einarsson.
- Íslenskir sláttuhættir eftir Bjarna Guðmundsson.
- Þegar siðmenningin fór fjandans til. Íslendingar og stríðið mikla 1914–1918 eftir Gunnar Þór Bjarnason.
- Passíusálmarnir eftir Hallgrím Pétursson, en umsjónarmaður útgáfunnar var Mörður Árnason.
- Lífsþróttur, næringarfræði fróðleiksfúsra eftir Ólaf Gunnar Sæmundsson.
- Stríðsárin 1938–1945 eftir Pál Baldvin Baldvinsson.
- Rof. Frásagnir kvenna af fóstureyðingum í ritstjórn Silju Báru Ómarsdóttur og Steinunnar Rögnvaldsdóttur.
- Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915 eftir Smára Geirsson.
- Ég skapa — þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar eftir Soffiu Auði Birgisdóttur.
- Heiður og huggun. Erfiljód, harmljód og huggunarkvæði á 17. öld eftir Þórunni Sigurðardóttur.

þetta reyni ávallt að vera sæmilega heiðarlegt bæði gagnvart sjálfu sér og viðfangsefninu og vinna hlutina eins málefnalega og hægt er.“

## Sýnir lélegt viðskiptavit

Eins og kemur fram í titli bókar Páls Baldvins er þar fjallað um ákveðinn tíma í sögu þjóðarinnar en að undanförunu hefur einmitt verið talsverð umræða í samfélaginu um hvornig málefni er varða sögu og menningu þjóðarinnar hafa verið að þróast. Meðal annars má nefna mikinn áhuga Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra á málaflökknum og Páll Baldvin segir þetta vissulega vera athyglisverða þróun. „Áhugi forsætisráðherra kemur náttúrulega til



## ÞAD ER HITT AÐ EINHVER GAF SÉR TÍMA TIL ÞESS AÐ SETJAST NIÐUR OG SKAPA TÓNVERK, MYNDVERK EÐA RITVERK.

